

# SÖGUR AF HAUKDÆLUM

og þorpsmyndun þar



**Bjarni Guðmundsson**

*Sögur af Haukdælum og þorpsmyndun þar*

ISBN 978-9935-9823-0-8

<https://issuu.com/bjgudm>

Nóvember 2024

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild án skriflegs leyfis rétthafa efnis hennar.

Forsíðumynd: Úr Haukadal

Uppsetning: Þórunn Edda Bjarnadóttir.

## Efnisyfirlit

Aðdragandinn.....	5
Landið og fólkíð.....	6
Matthías Ólafsson.....	9
Stofnað til barnaskóla.....	10
Skólahúsið .....	11
Vígsla skólans .....	11
Nemendurnir.....	12
Skólastarfið.....	13
Rekstrarerfiðleikar .....	13
Erfið ár .....	14
Búnaðarfélagið og Sigurður búfræðingur .....	18
Haukadalur varð löggiltur verslunarstaður .....	20
Byggðin hafði mótast.....	22
Blaðið Kveldúlfur .....	23
Nýja öldin heilsaði.....	25
Góðtemplararegla stofnuð.....	26
Íshúsið og síldveiðarnar .....	27
Ísgeymslufélag stofnað .....	28
Íshús reist.....	29
Síldveiðar Haukdæla .....	32
Minjar um Íshúsið .....	33
Íshúsið - mikilvægt fyrirtæki .....	36
Guðmundarbúið og útgerð Jóhanns Jónssonar .....	36
Barnaskólinn síðari .....	41
Hugrún og Gísli Súrsson.....	43
Fransmanna-grafreiturinn .....	45
Orð að lokum.....	47
Heimildarmenn .....	49
Viðauki .....	50



*Haukadalur við Dýrafjörður er einn af sögustöðum landnámsaldar sem helsti vettvangur Gísla sögu Súrssonar. Þar var gott undir byggð og bú hvort heldur var til lands eða sjávar enda var þar lengst af fleirbýli.<sup>1</sup> Hér á eftir verður sagt frá myndun þorps í Haukadal um fyrri aldamót, helstu verkefnum sem skutu undir það stöðum og nokkrum fyrirtækjum, félögum og einstaklingum sem við þá sögu komu.*

~ ~ ~

---

<sup>1</sup> Kjartan Ólafsson hefur dregið saman firna mikinn fróðleik um Haukadal allt frá söguöld og langt fram á tuttugustu öld, sjá <https://www.safnis.is/upload/files/28%20%20Haukadalur.pdf>. Samantekt Kjartans er studd nákvæmum tilvísunum í urmul heimilda. Þar sem vísað er til texta Kjartans í þessari ritgerð er númerum heimilda hans þó sleppt.



## Aðdragandinn

Haukdælingar eins og aðrir íbúar Þingeyrarhrepps bjuggu við land og sjó. „Heimræði er hjer og lending góð, en lángræði ærið þegar að fiskur gengur ekki inn á Dýrafjörð, og því gánga hjer ekki skip heima um vertíð, heldur út í verstöðvum“ . . . segir í Jarðabók Árna og og Páls, sem skráð var 1710.<sup>2</sup> Ólafur Olavius sagði Haukadalsbót í hléi fyrir hafróti, höfnina leggi aldrei á vetrum og að hafís hafi ekki sést þar í manna minnum. . . „Sjófarendur viðurkenna og, að þetta sé ekki aðeins örugg sumarhöfn, heldur einnig öruggt vetrarlægi fyrir skip. . . Þar er rúm fyrir mörg skip“ . . .<sup>3</sup>

<sup>2</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII (1940) 39.

<sup>3</sup> Ólafur Olavius: *Ferðabók I* (1964), 215.

Á átjándu og nítjándu öld sóttu Frakkar til veiða á Íslandsmiðum, einkum þó á árunum 1855-1885 en í minnkandi mæli fram að fyrri heimsstyrjöldinni.<sup>4</sup> Snemma á nítjándu öld munu Fransmenn (Dunkerque-) hafa tekið að velta fyrir sér fiskverkunaraðstöðu í Íslandi, en verslunarbann og fleira hamlaði framkvæmd hugmyndarinnar. Um miðja öldina leituðu þeir þó formlega eftir því að fá heimild til þess að koma upp fiskverkunaraðstöðu í Dýrafirði. Beiðni um það var lögð fyrir Alþingi. Hafði talsmaður þeirra komið í Fjörðinn og „sannfærzt um, að þar er land nóg, ekki aðeins eins

<sup>4</sup> Elín Pálmadóttir: *Fransí Biskví* (2009), 379-380.

óyrkt og óyrkilegt, til stofnunar fiskiþurrk-stöðu.“<sup>5</sup> Líklegt er að þarna hafi athyglin beinst að landi nærri bestu höfnum fjarðarins: Þingeyri, og þá ekki síður Haukadál – sennilega Haukadalsnesjum eða Sveinseyrarodda má giska á. Alþingismenn hikuðu. Ekkert varð af framkvæmdum.<sup>6</sup>

Veiðar Frakka við Ísland stóðu einkum frá miðjum maí fram í miðjan ágúst. Allt voru það seglskip, stórar skonnortur, um 90 smálestir að stærð, að jafnaði 19 menn á hverju skipi, skrifaði Bjarni Sæmundsson 1896. Fiskurinn var saltaður í stafla í lest skipanna.<sup>7</sup> Fransmenn sóttu mjög á Haukadalsbót enda aðstaða þar hin prýðilegasta. Allmikil viðskipti hófust fljótlega „á milli „duggaranna“ og heimamanna, sem seldu þeim ýmislegt þrjónles, einkum sokka og vettlinga, sem unnir voru að vetrinum í þessu skyni, nautgripi til slátrunar o.fl., en fengu í staðinn skipsbrauð, jarðepli, salt og veiðarfæri“.<sup>8</sup> Guðmundur Gíslason Hagalín hefur með glöggum hætti lýst samskiptum Haukdæla og Fransmanna á síðustu sóknarárum þeirra á Vestfjarðamið – á fyrsta áratug síðustu aldar.<sup>9</sup>

Haukadalsbót var einhver fjölsóttasta höfn erlendra fiskiskipa á Vestfjörðum. Ólafur skólástjóri Ólafsson frá Miðbæ mundi eftir „30 erlendum fiskiskútum sem lágu saman um eina hvítasunnu og gamlir menn sögðust muna eftir 60 erlendum skipum þar í einu.“ Ólafur Jónsson í Yztabæ, faðir Matthíasar Ólafssonar sem mjög á eftir að koma við þessa sögu, var innheimtumaður hafnargjalda.<sup>10</sup>

<sup>5</sup> *Alþingistíðindi* 1855, 494.

<sup>6</sup> Kjartan Ólafsson hefur gert grein fyrir málinu og þróun þess í tveimur stórum ritgerðum sem birtust í tímaritinu *Saga* árin 1986 og 1987.

<sup>7</sup> *Andvari* 21, 123-125.

<sup>8</sup> Kristján Bergsson: „Matthías Ólafsson, fyrrv. alþingismaður“ *Ægir* (1942), 67.

<sup>9</sup> Guðmundur Gíslason Hagalín: *Sjö voru sólar á lofti* (1952), 129-132.

<sup>10</sup> Ólafur Ólafsson: „Úr minnisblöðum“. . . *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* (1957), 36.

Við grípum þar niður í sögunni er komið var fram á síðasta fjórðung nítjándu aldar. Kálund segir í ferðabók sinni frá árunum 1872-74 þrjú býli hafa verið í Haukadál: „Gårdenes beboere ere velstående, dog mere ved søfart (fiskeri) end ved landbrug“. . . skrifar hann.<sup>11</sup> Vel stætt fólk og þá fremur af sjávarafla en landbúskapnum.

## Landið og fólkíð

Þegar halla tók á nítjándu öldina voru býlin þrjú í Haukadál: Höll, Miðbær og Ystibær. Sóknarmannatöl Sandasóknar og rakning ætta sýna að skyldleiki var náinn á milli húsbændanna á býlunum þremur. Forfeður þeirra höfðu búið þar kynslóð fram af kynslóð við góða sátt að því að best er vitað. Um 1880 bjó til dæmis sjötti ættliður í Miðbæ og sá sjöundi í Höll.<sup>12</sup> Má af því sjá að mikil festa hefur verið yfir byggð og búsetu í dalnum.

Ólafur Ólafsson frá Miðbæ lýsti Haukdælum svo:

Niðjar Haukdæla, sem uppi voru á síðasta fjórðungi 19. aldar, voru djarfir menn í framkomu; nokkuð stórbrotnir sumir hverjir, snarmenni og vaskleikamenn gátu þeir verið, á sjó og landi, ef þess þurfti við; örur í lund; gáfumenn og hrifnæmir; sumir ágætir söngmenn. Opnir fyrir öllum nýjungum, en oft endingarlitlir.<sup>13</sup>


Súluritið á næstu síðu sýnir íbúafjöldann í Haukadál á árabílinu 1865-1950. Það er byggt á sóknarmannatölum en þau voru jafnan gerð í lok hvers árs – um áramót.

<sup>11</sup> Kálund: *Bidrag til en historisk – topografisk Beskrivelse af Island* (1877), 571.

<sup>12</sup> Ólafur Ólafsson: „Endurminningar úr heimahögum“. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* (1959), 86-87.

<sup>13</sup> Ólafur Ólafsson: „Úr minnisblöðum“. . . *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* (1957), 35.

Mannfjöldi í Haukadal



Íbúafjöldi í Haukadal 1865-1950.

Súlurnar sýna að upp úr 1880 tók fólki að fjölga í dalnum allt fram til 1910. Úr því fækkaði íbúum. Á bak við þessa mynd liggur saga mikilla breytinga á búsetu og atvinnuháttum Haukdæla. Raunar er sú saga ekki sérstök fyrir Haukadal heldur á hún við marga aðra staði landsins þar sem til urðu vísar að þéttbýli. Helstu kaflar hennar verða sagðir hér á eftir.

Þurrabúðir fólks urðu til. Í stað fárra og stórra heimila komu sérbyli með mun færri heimilismönnum. Sjá má tíma stórfjölskyldnanna á árunum fyrir 1880 með 16-17 manns á hverju heimilanna á bæjunum þremur. Fram að aldamótum var meðalfjöldi á heimilunum í dalnum 10-12 en 6-8 úr því fram um miðja tuttugustu öld.

Fyrstu „nýju“ heimilin í Haukadal upp úr 1880. Þá var að verða breyting á viðhorfum til heimilishalds sem með sínum hætti formgerðust með lögum um þurrabúðarmenn sem tóku gildi í árbyrjun 1888.<sup>14</sup> Sækja skyldi um leyfi til hreppsnefndar sem eftir atvikum veitti það með skilyrðum sem löginn settu ramma um. Jens Kr. Gestsson sem lengi bjó í Miðbæ lýsti þróun þurrabúðar í Haukadal þannig:

<sup>14</sup> Stjórnartíðindi 1888 A-deild, 2, 4.

Það mun hafa verið um aldamót sem þurrabúðarbylin fóru að myndast. Þau urðu 6 alls, hvert þurrabúðarbyli fjekk eina útmælingu úr óskiptu landi, ein útmæling var 400 ferfaðmar [um 1.400 m<sup>2</sup> – tæplega hálf vallardagslátt; það var í samræmi við 3. gr. áðurnefndra laga um þurrabúðarmenn], einnig var þeim gefinn kostur á að rækta út ef um holt var að ræða samliggjandi útmælingu. Þá máttu þessir þurrabúðabændur hafa nokkrar kindur í hagagöngu, líklega 10 kindur hver en ef fleiri voru þurftu þeir að borga hagatoll. Ekki var nema einn Býlisstjóri í einu fyrir býlið og hann hjelt því starfi eins lengi og hann vildi. Þegar ég tók við búi í Miðbæ 1931 var Jón Guðmundsson [Eggertssonar] bóndi í Höll Býlisstjóri.

Býlisstjóri sá um innheimtu á gjöldum fyrir útmælingar og slægjur í óskiftu landi, einnig sá Býlisstjóri um allar sameiginlegar framkvæmdir t.d. viðhald á Túngirðingu og Fjarrétt, einnig var Hestanátthagi til viðhalds. Býlissjóður stóð undir þessu viðhaldi. Haukadalsbændur kusu Býlisstjóra. Ekki minnst jeg þess að Býlisstjóri skræði fundargerðir. Tekjur Býlissjóðs voru lóðagjöld fyrir útmælingar og beitartoll. Ef það nægði ekki til viðhalds greiddu bændur það sem á vantaði eftir jarðarstærð.<sup>15</sup>

Samkvæmt sóknarmannatölum Sandaprestakalls<sup>16</sup> voru sérstök býli húsfólks skráð við húsvitjun 31. október 1881, annað frá Höll en hitt frá Ystabæ, megi marka röðina í skrá sóknarprests. Hrein ágiskun mín er að þar hafi verið um að ræða þau er síðar nefndust *Sæból* og *Húsatún* þótt einnig geti heimili húsfólksins hafa verið undir þaki gömlu býlanna. Í sóknarmannatali gerðu í janúar 1883 er *Sæból* hins vegar nafngreint sem húsmannsbýli, að því er séð verður í fyrsta skipti, auk þriggja annarra án sérnafns.

<sup>15</sup> Jens Kr. Gestsson frá Miðbæ í bréfi til BG dags. 18. janúar 1983.

<sup>16</sup> [www.skjalasafn.is](http://www.skjalasafn.is) Þjóðskjalasafn Íslands. Sóknarmannatal Sandaprestakalls 1860-1884.



*Haukadalur. Kaldbakur fyrir botni dalsins, Kolturshorn með Vatnahjalla til hægri. Gömlu býlin stóðu uppi undir hliðinni að utanverðu í dalnum (t.h.). Þorpið varð til á holtunum fyrir miðri mynd. Haukadalsbótin fram undan. (Ljósmynd. Ágúst Guðmundsson).*

Að baki fólksfjölgun og þurrabúðamyndun í Haukadal lá sú breyting á sjósókn sem varð á síðustu áratugum nítjándu aldar. Þilskipin komu þá í stað opinna báta (skipa), og eins og Kjartan Ólafsson skrifaði í áðurnefndu riti sínu:

. . . á árunum 1870 til 1920 voru a.m.k. 28 þilskip gerð út frá Þingeyri eða einstökum bæjum í Þingeyrarhreppi. Sú umbylting í atvinnulífi sem fylgdi skútuútgerðinni hafði margvíslegar afleiðingar og ný tækifæri sköpuðust til starfa bæði á sjó og landi. Án þeirra breytinga hefðu engin þorp risið í Haukadal og á Þingeyri á síðustu áratugum 19. aldar.

Skilyrði til þorpsmyndunar í Haukadal frá landfræðilegu sjónarmiði voru á ýmsan hátt kjörin. Má hafa meðfylgjandi mynd af dalnum til hliðsjónar um það. Haukadalsáin rennur eftir miðjum dal en sveigir inn eftir (t.v.) skömmu áður en hún fellur til óss svo óskorið flatlendi verður til í mynna dalsins. Þar stóð byggðin: Býlin þrjú, sem áður voru nefnd, að utanverðu upp undir hliðinni (t.h.), þar á þurrlendinu í þéttri röð. Niður undan þeim var votlendið, *Veitan*, sem bæjarlækjunum var veitt yfir, afmörkuð af tveimur görðum sem stígar lágu um: *Veitugarðinum* að framanverðu og *Sjóargarðinum* að utanverðu. Veitugarðurinn var heimreiðin að býlunum þremur.



Sjóargarðurinn var hins vegar „eingöngu ætlaður heimamönnum til umferðar“ að skipahrófum þeirra og uppsátrum utanvert í Haukadalsfjöru.<sup>17</sup> Neðar (innar) og nær ánni tóku ber holtin við; þau teygðu sig nokkuð fram á dalinn. *Haukadalsbótin* fram undan og ofan við fjörुकambinn utan við ós Haukadalsárinnar *Seftjörn*, vettvangur stóratburða Gísla sögu svo sem alkunna er. Tún jarðanna þriggja voru aðskilin og sennilega fáeinir blettir að auk. Úthagi var óskiptur. Líklega hefur það verið kostur þegar kom að útmælingu spildna fyrir þurrabúðir. Stóri kosturinn var þó áreiðanlega sá að þær mátti setja á land sem ekki taldist verðmætt búskaparland – holtin. Leiddi raunar til þess að rýrt og bert land var með tímanum ræktað upp og er nú gróið að langmestum hluta. Á margan hátt voru því, eins og fyrr sagði, prýðileg skilyrði til þorpsmyndunar í Haukadál.

## Matthías Ólafsson

Það er engin launung að sá sem oftast er getið í sambandi við nýmæli mannlífs og atvinnuhátta í Haukadál á níunda og tíunda áratug nítjándu aldar er Matthías Ólafsson. Því er rétt að segja ögn frá honum hér í upphafi sögunnar:

Matthías var fæddur árið 1857 í Haukadál, sonur hjónanna í Ystabæ, þeirra Ólafs Jónssonar og Ingibjargar Jónsdóttur. „Forfeður Ólafs höfðu búið þarna hver fram af öðrum að minnsta kosti um 2-3 aldir“. . .<sup>18</sup> Matthías varð það sem nútíminn mundi kalla athafnamaður og frumkvöðull. Afsannaði hann það máltæki með öllu að eigi sé spámaður óvirtur nema í áttögum væri. Margt af því sem hann tók sér fyrir hendur braut nefnilega

<sup>17</sup> Ólafur Ólafsson: „Endurminningar úr heimahögum“. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* (1959), 86.

<sup>18</sup> Kristján Bergsson: „Matthías Ólafsson, fyrrv. alþingismaður“. *Ægir* (1942), 66.



*Matthías Ólafsson í Haukadál (vefur Alþingis)*

í bág við gróinn vana og hefðir. Í mörgu var hann á undan sinni samtíð. Hvernig á því stóð er ekki auðvelt að dæma um. Og þó.

Ungur komst Matthías í kynni við hina frönsku sjómenn sem mjög sóttu á Haukadalsbót. Þá nam hann um tíma hjá sr. Jóni Jónssyni á Gerðhömrum presti í Mýraþingum. Hann kynntist amerísku lúðuveiðurunum, m.a. þeim þekktu Diego kaffeini, sem hann átti að kunningja. Sá „færði honum konjak og fékk í staðinn ullarvöru og fleira“, skrifaði Jóhannes Helgi, sonarsonur Matthíasar löngu síðar.<sup>19</sup>

Sennilega hefur þó hugarheimur Matthíasar Ólafssonar stækkað hvað mest við tveggja vetra dvöl í Möðruvallaskóla, 1880-1882. Þá var skólinn að hefja starf undir stjórn Jóns Hjaltalín skólameistara. Möðruvallaskóli var ein helsta nýjungin í fræðslu- og menntamálum þjóðarinnar á öldinni. Auk hinna sígildu gagnfræða hafa nýjar hugmyndir um líf og tilveru þjóðar án efa mótað skólalagana. Ýmsir

<sup>19</sup> *Morgunblaðið* 20. nóvember 1975.

nemendur Möðruvallaskóla urðu er út í lífið kom forystumenn á sínum sviðum. Í þeim hópi varð Matthías Ólafsson.

Næstu árin eftir veru sína á Möðruvöllum stundaði Matthías farkennslu heima í sveit sinni að vetrinum, en ýmist verzlunarstörf eða aðra vinnu að sumrinu, og var meðal annars nokkur sumur á sprökuveiðum með Ameríkumönnum, sem á þeim árum stunduðu þær veiðar mikið fyrir Vestfjörðum og tóku stundum íslenzka fiskimenn sér til aðstoðar meðan vertíðin stóð yfir.<sup>20</sup>

Barnafræðsla var víða frumstæð á þessum árum. Áreiðanlega var það í ljósi reynslu sinnar af skólagöngu sem Matthías réðst í það að koma upp skólahúsi í Haukadal til barnafræðslu og að hefja hana. Líklega má telja barnaskólann, þótt ekki yrði langstæður, hvað helst marka upphaf þróunar þorps í Haukadal. Skólinn varð einn fyrsti barnaskólinn á Vestfjörðum og sá fyrsti í Vestur-Ísfjarðarsýslu.

Guðmundur Hagalín hermdi að Matthías hefði verið sagður góður og skemmtilegur kennari en hefur líklega þreyzt á þeim starfa, megi marka orð Hagalíns er sótti tíma til Matthíasar á síðustu árum hans í Haukadal.<sup>21</sup> Hafði Matthías þá enda mæðst í mörgu öðru. Matthías tók virkan þátt í stjórn máli, sat á Alþingi fyrir hérað sitt um hríð. Hann var einlægur stuðningsmaður Hannesar Hafstein, fyrsta ráðherra íslenskrar heimastjórnar, og náinn vinur hans. En víkjum nú að barnaskólanum.<sup>22</sup>

20 Kristján Bergsson: „Matthías Ólafsson, fyrrv. alþingismaður“. *Ægir* (1942), 67.

21 Guðmundur Gíslason Hagalín: *Sjö voru sólar á lofti* (1952), 90-91.

22 Kaflinn um Barnaskólann í Haukadal hér á eftir er í helstu atriðum grein BG sem birtist í *Ársriti Sögufélags Ísfirðinga* 27 (1984), 116-128.

## Stofnað til barnaskóla

Ekki eru heimildir með öllu samhljóða um það hverjir reistu barnaskólann. Í blaðafregn haustið 1885 segir að það hafi verið „4 menn í Haukadal, búlausir allir, sem skólann byggðu af eigin eignum“.<sup>23</sup> Í minningargrein um Matthías, sem varð fyrsti kennarinn í Haukadal, tilgreinir Kristján Bergsson þá fjóra, sem komu upp skólahúsinu. Það voru auk Matthíasar þeir Kristján Andrésón í Meðaldal, Ólafur Guðbjartur Jónsson í Miðbæ og Andrés Pétursson í Höll. Aðeins þrír þeirra voru úr Haukadal, svo hér gætir misræmis, auk þess sem Kristján í Meðaldal var einnig gildur bóndi. Hins vegar segir í minningarorðum um Andrés Pétursson í Höll sem birtust í Ísafjarðarblaði haustið 1892 að hann hafi verið einn af *fimm* mönnum sem byggðu skólann. Minningarorðin ritaði „M“, sem mjög líklega var Matthías Ólafsson. Af samtölum við kunnuga þykir sennilegast að fimmti maðurinn hafi verið Sigurður Jónsson í Miðbæ,<sup>24</sup> þ. e. fjórði Haukdælinn og er þá komið samræmi við fyrstu heimildina sem talin var. Ólafur skólastjóri Ólafsson frá Miðbæ hefur einnig getið þess að stofnendur barnaskólans hafi verið fimm.<sup>25</sup> Fjórir þessara manna voru um og innan við þrítugt en einn á sextugsaldri, Andrés Pétursson, „riðinn við flest sveitarmálefni meira eða minna . . . mun hann hafa verið með fjáðari mönnum hér í firðinum“<sup>26</sup> – farsæll skipstjóri. Tveir stofnendanna höfðu skólagöngu fjarri heimasveit að baki: Matthías í Möðruvallaskóla eins og áður var nefnt og Kristján í Meðaldal sem numið hafði við sjómannaskólann í Bogø í Danmörku og kenndi síðan sjómannafræði heima í Meðaldal. Sýnist því hver fimm-menninganna hafa getað lagt nokkuð af mörkum til þess að hrinda hugmyndinni í framkvæmd.

23 *Ísafold* 2. desember 1885.

24 Kristján Helgi Kristjánsson frá Meðaldal í samtali við BG 13. nóvember 1980.

25 Ólafur Ólafsson: „Endurminningar úr heimahögum“. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* (1959), 88.

26 Sama heimild.



## Skólahúsið

Skólahúsinu var valinn staður á sjávarkambinum rétt utan við Vatnslækinn og Seftjörn þá er fræg er úr Gísla sögu. Stóð skólahúsið í landi Ystabæjar sem var föðurleifð Matthíasar Ólafssonar. Húsið var tvílyft timburhús, byggt úr vönduðum við, fengnum úr Grams-verslun á Þingeyri. Smiðurinn mun hafa verið Jóhannes, yngri bróðir Matthíasar, síðar stórvirkur á því sviði.<sup>27</sup> Heimildarmaður segir máttarviði hafa verið úr austurlenskum kjörviði, svo sem maghoni og íbenholt, en viðskiptafyrirtæki Gramsverslunar höfðu sambönd austur þangað (Austur-Asíu skipafélagið).<sup>28</sup> Í skólahúsinu var auk kennslurými íbúð fyrir kennara og nemendur að nokkru leyti.<sup>29</sup> Þar var rými fyrir sex nemendur í eins konar heimavist og var það ætlað nemendum sem lengst áttu að sækja til skólans. Samkvæmt því hefur Haukadalsskólinn verið einn fyrsti, ef ekki fyrsti, heimavistarbarnaskólinn sem reistur var hérlendis. Húsið var sagt vera „stórt, vandað og fagurt.“<sup>30</sup>

Forgöngumennirnir lögðu fram fé, efni og vinnu til skólabyggingarinnar, allt eftir efnunum hvers og eins. Í blaðfrétt var hlutur Andrésar Péturssonar nefndur sérstaklega: „Hjer var ekki verið að hrópa í þing eða landssjóð; en þessi orð Andrjesar dugðu:

27 Kristinn Daníelsson: „Jóhannes Ólafsson og Helga Samsonardóttir.“ *Óðinn* XXXII, (1936), 32.

28 Jón Friðrik Matthíasson frá Haukadal í samtali við BG 27. apríl 1983.

29 Kristján Bergsson: „Matthías Ólafsson, fyrrv. alþingismaður.“ *Ægir* (1942), 56-57.

30 *Ísafold* 2. desember 1885.

*Á þessari mynd, sem máluð var eftir gamalli ljósmynd, er nú mun vera glötuð, sést fyrsta skólahúsið í Haukadal yst til vinstri. Hægra megin við það er pakkhús, byggt fyrir Grams-verslun á Þingeyri. Inni við lækinn stendur svo Salthús. Myndina málaði Matthías sonur Hlífur Matthíasdóttur frá Haukadal, Ólafssonar.*

»Barnaskólinn skal upp!« Það var orðið viðkvæði hans.<sup>31</sup>

Giska má á að það hafi verið hákarlalýsið sem lagt hafði grunninn að efnunum Andrésar Péturssonar, en um hann sagði m.a. í minningargrein: „Um langan tíma var Andrés heitinn mestur aflamaður hér vestanlands. Á vetrum fór hann í hákarlalegur á opnu skipi, eins og lengi hefir tíðkapt hér í vesturhluta Ísafjarðarsýslu. Hafði hann opt mikið mannval í þær ferðir, enda fengust nógir til, því þá var góð hagsvon af slíkum ferðum, en formaður öruggur og skip gott.“<sup>32</sup>

## Vígsla skólans

Barnaskólinn var vígður 31. október 1885 en bygging hans hafði staðið yfir um sumarið. Vígslan fór fram með viðhöfn þótt ekki skartaði veðráttan sínu fegursta, „útnorðan og vestan vindkæla, frost og allhvít jörð, kafald um kveldið.“<sup>33</sup>

Við athöfnina fluttu ræður þeir sr. Kristinn Daníelsson sóknarprestur á Söndum, Matthías Ólafsson, verðandi kennari, og Sighvatur Grímsson Borgfirðingur á Höfða, sem einnig flutti kvæði sem hann hafði ort að beiðni Matthíasar. Kvæðið birtist síðar í *Ísafold* og fer hér á eftir:

31 Sama heimild.

32 *Þjóðviljinn* 28. febrúar 1893.

33 Sighvatur Grímsson Borgfirðingur: *Dagbækur*. Landsbókasafn Íslands. Lbs 2175 4to.

Leiptri slær á ljósa vesturfjörðu  
 lýsir bjarmi Glámu skalla frá.  
 Hver er sá sem hyggst að varna hörðu  
 hrímgum ströndum Dýrafjarðar á?  
 Drenglynt hjarta, dýrstu hjeraðsmanna  
 dáðarík og auðmild styrktar hönd;  
 ósjerplægni sjáum vjer þar sanna,  
 sem að losar vanþekkingar bönd.


Ótal þarfir orrar snauðu móður  
 afarmargir finna glögg og sjá;  
 en að þekka' í þrautum vin og bróður,  
 það er optar torveldara' að fá.  
 Hjer má sjá, að sannreynt göfuglyndi,  
 saman hefir krapta lagt og þor:  
 hús er byggt og búið út í skyndi,  
 barnanna að greiða framaspor.

Synir Íslands! Sjáið nú hvað stoðar,  
 sannur vilji til að stunda gott;  
 fram af austurfjöllum bjarmi roðar,  
 fegurstan er sýnir drengskapsvott.  
 Lyptið brúnum, börn, á þessum degi,  
 blæju sveiflið augum sljófgum frá;  
 horfið áfram óförnum að vegi,  
 upp til þess að líta framför á.

Þakkið, börn, og þakkið bljúgt af hjarta,  
 þeim sem vinnur ykkar kjörum bót,  
 mennta sólin brosir ljúf hin bjarta,  
 breiðir sína geisla yður mót.  
 Fetið því á framabraut í skyndi,  
 fljótt og vel, og sýnið andans þor;  
 nú er bæði auðlegð vís og yndi,  
 ef þið greiðið fram til námsins spor.<sup>34</sup>

## Nemendurnir

Í einkunnabók Barnaskólans, sem varðveist hefur, má lesa nokkurn fróðleik um fyrstu nemendurna.<sup>35</sup> Fyrsti skóladagurinn var mánudaginn 2. nóvember 1885. Þá settust í skólann 17 nemendur, 8 piltar og 9 stúlkur. Flest voru börnin úr Haukadal, 9 að tölu. Hin komu af bæjunum frá Sveinseyri inn að Kirkjubóli. Lengst áttu börn frá Svalvogum, Núpi



*Nemendafjöldi í Haukadalsskólanum 1885-1889, að hausti (h) og að vori (v).*

og Neðsta-Hvammi. Hafa þau ásamt börnunum frá Kirkjubóli og jafnvel einnig Meðaldal líklega dvalið að staðaldri í skólanum því vegalengdir hafa vart leyft daglega heimangöngu frá þessum bæjum. Flest voru börnin 12 og 13 ára; elst 14 ára og yngst 9 ára. Flest voru börn húsbænda; tvö áttu húsmenn að foreldrum en þrjú vinnufólk. Nemendahópurinn var því blandaður hvað uppruna snerti og ekki verður stéttaskiptingar foreldrahópsins vart við skoðun sóknarmannatalanna.

Meðfylgjandi súlurit sýnir nemendafjöldann árin fjögur sem skólinn starfaði. Það dró úr honum. Af nafnaskrá einkunnabókarinnar má ráða að nemendum, sem lengra áttu að, fækkaði svo og yngri nemendum. Ekki eru skráðar í einkunnabók upplýsingar um skólastarfið veturinn 1888-1889 svo ekki er vitað með vissu hver nemendafjöldinn var þann vetur. Í blaðafregni í apríl 1889 segir þó að

<sup>35</sup> Einkunnabók barnaskólans í Haukadal, í vörslu Grunnskólans á Þingeyri.

<sup>34</sup> Ísafold 2. desember 1885.

nemendurnir séu aðeins tveir.<sup>36</sup> Þetta var borið til baka í athugasemd nokkru síðar: „Ósannindi eru það sem hinn ísfirski fregnríti Ísafoldar fer með, að ekki hafi verið nema 2 börn í barnaskólanum í Haukadal í vetur; börnin voru 7-8.“<sup>37</sup>

Þess má geta að veturinn 1888-1889 munu fimm barnaskólar hafa starfað í Ísafjarðarsýslu: Í Hnífsdal, Bolungarvík og á Ísafirði (tveir) auk Haukadalsskólans.

## Skólastarfið

Matthías Ólafsson annaðist eins og fyrr sagði kennslu við skólann og mun hafa verið einn um það. Systir hans, Jensína Ólafía, var einnig til húsa í barnaskólanum og er líklegt að hún hafi tekið þátt í að ala önn fyrir nemendum sem dvöldu í eins konar heimavist við skólann. Auk þess voru í skólahúsinu húshjón með eitt barn og vinnukona.

Þau þrjú ár sem einkunnabókin nær yfir hófst skólastarfið jafnan með nóvember og stóð fram undir miðjan apríl. Tekið var jólaleyfi frá Þorláksmessu til fyrsta mánudags í nýári.

Kennslugreinar við skólann voru þessar: Kverið, biblíusögur, lestur, skrift, réttitun, reikningur, sagnafræði, landfræði og danska. Þrjár síðasttöldu greinarnar lærðu aðeins eldri börnin. Kennari færði reglulega tölur um frammistöðu nemenda í einkunnabók. Samkvæmt henni virðist kverið og biblíusögur hafa verið greinar sem unnið var að á hverjum degi. Einkunnir fyrir aðrar greinar voru gefnar sjaldnar, flestar þó annan hvern dag. Segir þetta nokkuð um viðfangsefnin og það sem nú mundi kallast námsskrá skólans.

Við lok hvers mánaðar var nemendum raðað eftir meðaleinkunn og auk þess gefin einkunn fyrir

<sup>36</sup> *Ísafold* 10. apríl 1889.

<sup>37</sup> *Þjóðviljinn* 3. maí 1889.

iðni og hegðun. Þá voru haldin aðalpróf að vori og jafnframt gefin einkunn fyrir framfarir. Notaður var einkunnastiginn 1-6.

## Rekstrarerfiðleikar

Fyrsta veturinn var kennslugjald við skólann 25 kr. á nemanda. Svaraði það þá til andvirðis tíu dagsverka um heyanir.<sup>38</sup> Taldist það því allnokkuð fé. Ekki mun hafa verið um neinn utanaðkomandi fjárstuðning að ræða til skólans. Í frétt um stofnun skólans sagði m.a.:

Nú er þar fastráðinn kennari í vetur [1885], en börnin líklega of fá, til að fá laun kennarans, svo eigendur skólans mega nú borga honum þar á ofan. Enda er hjer nú versta árferði, sem orðið getur fyrir fólk, að koma börnunum fyrir, alveg kornlaust á Flateyri, Þingeyri og Bíldudal, og engin fyrirsjón, að afstýrt verði hungursdauða (?).<sup>39</sup>

Það blés því ekki byrlega fyrir hinni ungu stofnun. Fór svo að skólagjöldin guldust treglega og það þótt þau væru lækkuð í 20 krónur hina síðari vetur.<sup>40</sup> Nemendum fækkaði. Ekki er ósennilegt að almennt efnahagsástand hafi valdið nokkru þar um.

Haustið 1887 gerði allskæð barnaveiki vart við sig í sveitinni og fiskigengd var óvenjulega léleg. Þá bárust tíðindi úr firðinum um fólksflutninga til Ameríku; „héðan fara 3 duglegir bændur í vor“<sup>41</sup>, sagði í blaðafregnum. Þess er líka getið að skólastofnunin hafi verið „af sumum, jafnvel álitin gróðafyrirtæki.“ Það sárnaði Andrésí Péturssyni og áreiðanlega öðrum aðstandendum skólans mjög mikið.<sup>42</sup> Þannig hefur skólinn líkt og margar aðrar

<sup>38</sup> Magnús S. Magnússon: *Landaúrvæð á Íslandi 1817-1962* (2003), 270.

<sup>39</sup> *Ísafold* 2. desember 1885.

<sup>40</sup> *Stjórnartíðindi* 1885, B-deild, 38-39.

<sup>41</sup> *Þjóðviljinn* 10. febrúar 1887.

<sup>42</sup> *Þjóðviljinn ungi* 28. febrúar 1893.

nýjungar mátt reyna það að misjöfnum skilningi er stundum að mæta.

Haustið 1887 var svo komið að eigendur skólans sáu sér ekki fært að halda skólann lengur á eigin kostnað. Buðu þeir hreppsnefnd Þingeyrarhrepps skólahúsið á leigu, jafnframt því sem Matthías Ólafsson bauðst til þess að halda kennslu áfram fyrir sinn reikning. Í fundargerð hreppskilafundar í Meðaldal 5. október 1887 sagði um afgreiðslu erindisins:

Eftir nokkra umræður sem sveitabændur tóku þátt í, varð ályktað að hreppurinn tæki húsið á leigu vetrarlangt, til þess að kennslu yrði haldið áfram þennan vetur. Húsaleigan var ákveðin 50 kr. yfir veturinn, sem eiga að borgast úr sveitar sjóði að svo miklu leyti sem ekki sumir af eigendunum vilja gefa hana eftir.<sup>43</sup>

Aftur bar skólamálið á góma ári síðar er fram kom á hreppsnefndarfundi í Meðaldal

. . . uppástunga um að hreppurinn tæki neðra part skólahússins á leigu, það eð eigendur sáu sér eigi fært að halda áfram skólann á sinn kostnað. Skólakennarinn, hr. Matthías Ólafsson, bauðst enn í vetur að halda áfram kennslu fyrir sinn reikning ef hreppurinn vildi útvega húsnæði. Eftir nokkrar umræður var afráðið að leigja fyrir hreppsins reikning skólahúsið niðri og herbergi uppi fyrir 80 krónur, sem var það minnsta er eigendur vildu ganga inn á.<sup>44</sup>

Hér má rifja upp nokkrar línur úr eftirmælum um Matthías Ólafsson sem varpa ljósi á afstöðu hans og áhuga á málinu:

Matthías, sem á þeim árum hafði mikinn áhuga fyrir bættri barna- og unglingafræðslu, fann fljótt

43 Hreppsþóttur Þingeyrarhrepps. Skjalasafnið á Ísafirði.

44 Sama heimild.

hve erfitt var að fást við slíka kennslu í heimahúsum á misjafnlega vel hýstum bæjum, og að ekki væri hægt að vænta mikils árangurs af kennslu, ef ekki væri betur að nemendum búíð, heldur en hægt var í slíkum húsakynnum, en hreppsnefndir sparsamar og skilningslausar um að leggja fram fé til umbóta á því sviði.<sup>45</sup>

Svo fór að skólahaldið féll niður 1889 eftir fjögurra vetra starf. Áreiðanlega hafa þau málalok orðið Matthías vonbrigði, sem hugsanlega leiddu til þess að hann flutti þá til Flateyrar. Þar vann hann um hrið við verslun Torfa Halldórssonar.<sup>46</sup> Í Haukadal voru aðrir atvinnu kostir takmarkaðir. Það var erfitt í ári eins og fyrr sagði. Um þessar mundir veitti Landssjóður fáeinum barnaskólum fjárstuðning.<sup>47</sup> Slíkan stuðning mun Haukadalsskólinn ekki hafa fengið og óvíst er að um hann hafi verið sótt. Það var svo árið 1910 að reist var annað skólahús í Haukadal er notað var til barnakennslu allt fram á sjöunda áratug síðustu aldar. Sú bygging stendur enn.

## Erfið ár

Hún er athyglisverð munnmælasagan sem Kjartan Ólafsson hefur eftir Gunnari Jónssyni frá Höll í Haukadal:

Á áratugunum kringum aldamótin 1900 var Guðmundur Eggertsson [af Gunnars Jónssonar] lengi bóndi í Höll og þar átti þá líka heima Andrés Pétursson skútuskjipstjóri. Um 1890 höfðu þeir Andrés og Guðmundur, að sögn, báðir hug á að taka sig upp og flytjast til Ameríku. Eiginkonur þeirra, þær Elínborg Jónsdóttir og Sigríður Jónsdóttir,

45 Kristján Bergsson: „Matthías Ólafsson, fyrrv. alþingismaður“. *Ægir* (1942), 67.

46 Sama heimild.

47 *Stjórnartíðindi 1887*, B-deild, 52.

snerust þá öndverðar gegn þessum ráðagerðum. Úr varð að hætt var við flutningana til Ameríku en þess í stað ráðist í að reisa nýtt íbúðarhús úr timbri heima í Höll og stendur það (1997) hér enn.

Margir landsmenn höfðu brugðið á það ráð að flytja vestur um haf í von um betra líf. Árið 1887 bárust tíðindi um Ameríkuförðir um Dýrafjörð; „héðan fara 3 duglegir bændur í vor“<sup>48</sup>. . . sagði í frétt þaðan í Ísafjarðarblaði. Barnaveiki, allskæð, gerði vart við sig þá um haustið, en óvenjuleg fiskigengd inn á Dýrafjörð bætti stöðuna. Matthías farinn til Flateyrar. Enginn barnaskóli. Ekki stóð nýja skólahúsið þó tómmt þar niðri á fjörukambinum. Við talningu sóknarmanna í árslok 1889 voru þar til húsa fern húshjón og tveir lausamenn. Á nútímamáli mætti segja að Matthíasarhús, eins og það varð löngum kallað, hafi orðið að fjölbýlishúsi um stund. Það var farið að fjölga í Haukadalsbót.

Það var um áramótin 1882-1883 sem fyrst er í sóknarmannatali skráð heimili utan býlanna þriggja. Það var í Sæbóli. Formlega mætti því kalla það upphafsár þorpsmyndurnar í Haukadalsbót.

En þótt slegið hafi í baksegl hvað Barnaskólann snerti var margt að gerast. Frönsku duggurnar héldu áfram að leita inn á Haukadalsbót þótt þeim færi fækkandi. Fransmenn áttu viðskipti við heimamenn sem einnig stunduðu sjóinn við breytileg aflabrögð.

Alþingi hafði verið send bænaskrá um löggildingu Haukadalsbótar sem hafnar eins og nánar verður vikið að. „Aðalkrapturinn í allri verzlun þar vestra er lýsisaflinn af þilskipum“ sagði sr. Sigurður Stefánsson í Vigur 1887.<sup>49</sup> Fréttir bárust af því um áramótin 1887-1888 að bændur í Dýrafirði væru alvarlega að hugsa um að koma á fót pöntunarfélagi; „það er ótalið“ hve lausaverslun Jóns kaupmanns í Flatey „hefir bætt hér

prísa“, sagði í blaðafregn. Nú var hann fallinn frá og menn uggandi: „Tíminn gefur að sýna, hvernig gamli maðurinn á Þingeyri reynist í sumar, ef hann verður einn um hituna.“ Mun þar hafa verið átt við Gram kaupmann. Og úr Dýrafirði var skrifað:

Tregt kvað ganga með tilraunir Dýrfirðinga að smala saman því vörumagni, er þeim var gert að inntökuskilyrði í „kaupfélag Ísfirðinga“; skuldafjötrarnir, og ekki síður hræðsla við kaupmenn og vogunarleysi hinna efnaðri, drepur hér öll samtök. . .<sup>50</sup>

Matvöruskip Kaupfélagsins kom þó á Haukadalsbót 26. júlí 1889.

Yfir í Mýrahreppi hafði verið stofnað *Menningarfélag* haustið sem *Þjóðviljinn* sagði svo frá:

Tilgangur þess er, að lífga menntunarlöngun ungra manna, að venja menn við formleg fundahöld, að láta í ljósi hugsanir sínar með skipulegum orðum, og að fræða menn eptir föngum. Fyrsti fundur félagsins, var haldinn að Mýrum 8. des. 1888. Á fundinum flutti Gestur búfræðingur Bjarnarson í Hjarðardal fyrirlestur um þýðingu og nauðsyn menntunarinnar fyrir almenning. Síðan voru teknar til almennrar umræðu þessar spurningar: 1. Hverjar eru helztu orsakir til stjórnleysis á heimilum? Og á hvern hátt verður helzt ráðin bót á því? 2. Hverjar eru aðalorsakir til hinnar almennu fátæktar bændastéttarinnar? Og hvernig verður helzt bætt úr henni?

Út af spurningum þessum urðu allmiklar umræður; fyrri spurningunni svaraði fundurinn á þá leið, að sökum siðferðislegs og hagfræðislegs þekkingarleysis, kynnu hvorki húsbændur að stjórna, né hjú að hlýða, og að einkum hefði

48 *Þjóðviljinn* 10. febrúar 1887.

49 *Alþingistíðindi* 1887 B, 19.

50 *Þjóðviljinn* 9. febrúar 1889.

hin lögboðna vistarskylda mjög skaðleg áhrif á heimilisstjórnina. Fundurinn áleit því, að í þessu efni mundi heppilegast, að gefa öllum frían aðgang að lausamennsku, og að gera hagfræðislega þekkingu sem almennasta.

Orsakir til fátæktarinnar áleit fundurinn vera: fyrst og fremst menntunarleysi alþýðunnar, einkum hagfræðislegt og verklegt, þá skuldaverzlanina við Dani, að Íslendingar hefðu ekki sjálfir atvinnu við siglingar og verzlun í sínar þarfir, og kynntust því ekkert verklegum framförum annara landa, að of lítið væri unnið í landinu, en of mikil vinna keypt inn í landið, of daufar samgöngur og verzlun, og óhagkvæm byggingarlög.

Á fundinum kom fram tillaga um, að kjósa menn á fundinum í nefnd, til að athuga verzlunarmálefni hreppsþúa, og var það samþykkt.

Fleiri málefni tók fundurinn ekki til umræðu. Fundurinn var fjölsóttur og sungin lög fyrir og eptir. . .<sup>51</sup>

Funi kveikist af funa, segir í Hávamálum. Vera má að tíðindin úr Mýrahreppi hafi með öðru ýtt undir hliðstætt framtak í Haukadal því að í *Þjóðviljanum* 1. maí 1890 sagði m.a. í fréttabréfi úr Dýrafirði:

Á fundi, sem haldinn var í Haukadal 25. jan., var ákveðið að byggja skyldi salt- og vöru-hús í Haukadal og annað á hentugum stað í Arnarfirði, og jafnframt skyldu menn byrja á því að panta á komandi sumri saltskip fyrir báða firðina (Dýrafj. og Arnarfj.), en úr þessari fyrirhuguðu saltþöntun

51 *Þjóðviljinn* 12. janúar 1889. Hér má geta þess að nefndur Gestur Björnsson flutti til Ameríku vorið 1892 en druknaði í Manitoba-vatni tveimur árum síðar. Þann stutta tíma sem hann bjó í Hjarðardal „lánaðist honum búskapurinn prýðis vel, enda var hann stakur dugnaðarmaður til lands og sjávar; hann var og greindur maður og allvel að sér, og því mikils metinn af sveitungum sínum, og öðrum þeim, er af honum höfðu einhver kynni; sýslunefndarmaður var hann í sveit sinni, unz hann flutti vestur.“ *Þjóðviljinn* 12. nóvember 1894.

verður ekkert, af því menn treysta sér ekki til að leggja í einu út í það stórræði að panta saltskip og byggja tvö hús, en húsin kvað eiga að byggja á komandi sumri; . . .<sup>52</sup>

Þá var Matthías Ólafsson starfandi norður á Flateyri svo þarna hafa aðrir verið til frumkvæðis. Um þær mundir var komin hreyfing á verslunarmálin því að í sama blaði hafði þá í janúar-byrjun birst þessi frétt:

Búfræðingur Gestur Björnsson, bóndi í Hjarðardal, og fleiri málsmetandi Dýrfirðingar hafa stefnt til fundar í Haukadal, sem haldast átti 3. p. m.; átti fundarefnið að vera það, að koma á samtökum meðal Dýrfirðinga og Arnfirðinga sér í lagi um stofnun sérstaks kaupfélags fyrir Vestfirði þessa.<sup>53</sup>

Þótt hvorki muni hafi orðið af þessum fundi né heldur stofnun kaupfélags í anda þeirrar hreyfingar sem hafin var í fjarlægari sveitum sýna fréttirnar að löngun var með mönnum til framtaks í atvinnumálum. Fregnir sögðu að forystumenn skorti „en óskandi væri að þeir fari að sjá að verzlunarmál vor geta ekki komist í lag, nema skorður séu reistar við einveldi og einræði hinna útlendu kaupmanna; en kaupfélögin hafa sýnt, hve miklu þau geta áorkað í þessu efni“, eins og sagði í áðurnefndri maí-frétt *Þjóðviljans*.

Sr. Kristinn Daníelsson skrifaði í bréfi veturinn 1898:

. . . Kaupfélagsskapurinn gekk heldur illa; verð á öllu varð hátt í útkomu, en verst urðu þeir úti, sem ljetu fisk vegna hins lága verðs, sem þeir munu engar bætur fá á, þrátt fyrir fögur loforð. . . Bindindisfjelagið er á lífi enn . . . [Haukadals]deild var [. . .] alveg líflaus, en [í Þingeyrar]deild virðist allt ætla að ganga upp í dans og trall . . . Kveldúlfur er dauður. . .<sup>54</sup>

52 *Þjóðviljinn* 1. maí 1890.

53 *Þjóðviljinn* 6. janúar 1890.

54 Sr. Kristinn Daníelsson í bréfi til Sigurðar Sigurðssonar 28.



Í marsbyrjun 1889 var haldinn fundur í Haukadal til þess að ræða mál sem vænst var að tekin yrðu til meðferðar á Alþingi á komandi sumri, svo sem „prestalaunamálið, lausamannamálið, tollamálið o. fl.“ Frásögn af fundinum birtist í *Þjóðviljanum*. Þar sagði m.a.:

Í lausamannamálinu var það samhljóða álit fundarins, að sem allra fyrst ætti að upphefja vistarskyldu, og sem minnst bönd að leggja á atvinnufrelsi manna.

Í tollmálinu voru flestir á því, að eigi ætti að auka tolla, og allra síst ætti að tolla kaffi og sykur. Margir vildu leggja toll á útlent smjör (Margarin) og ýmsa álnavöru. Vintollinum vildu allir halda og margir hækka hann úr því, sem hann nú er. Enginn af fundarmönnum mælti skoðun Jóns Ólafssonar [í Miðbæ] bót.

Aðeins tveir menn héldu því fram, að flestallar aðfluttar vörur ætti að tolla, að minnsta kosti bæri bráða nauðsyn til að tollur væri lagður á kaffi, tóbak (hærri en nú er), álnavöru alla, útlent smjör, tvist o. fl., en síðan að afnema útflutningsgjald á fiski og lýsi. Þeir, er eigi vildu leggja tolla á, færðu eigi aðrar ástæður en þær, að landssjóður yrði að sníða sér betur stakk eptir vexti, hvað laun embættismanna snertir, og að kaffi væri sú nauðsynjavara, að engin ástæða væri til að leggja fremur toll á að, en aðrar nauðsynjavörur, svo sem rúg, bygg o. s. frv.

Sumarið 1893 var látið af miklum fiski í firðinum og „hafa margir fengið allmikinn afla, sem róið hafa að heiman. . . Sjávarafli fádæma mikill á opna báta í Arnarf. en á Skaga aftur á móti mjög lítill“, skrifaði Matthías Ólafsson í bréfi.<sup>55</sup>

Fleira var að gerast í Dýrafirði í lok níunda áratugs aldarinnar. Yfir í Höfðaodda (Framnesi) var norska hlutafélagið Victor frá Túnsbergi í Noregi að koma sér fyrir en þar hóf það rekstur hvalstöðvar sumarið 1890. Framkvæmdastjóri fyrir rekstri félagsins í Dýrafirði og sá sem stjórnaði veiðunum var Lauritz Jakob Berg. Hann mun hafa verið þrautreyndur hvalveiðimaður þegar hann tókst á hendur að gerast veiðistjóri á Íslandi. Áhrif hvalstöðvarinnar á mannlíf í Dýrafirði í urðu margvísleg. Peningavelta jókst að mun, m.a. vegna þess að öll laun voru greidd í peningum sem var nýmæli. Allmargir heimamenn fengu vinnu í hvalstöðinni um lengri eða skemmri tíma og viðskipti hennar og þeirra aðkomumanna er þar störfuðu við verslunina á Þingeyri urðu veruleg. Menn kynntust nýrri verktækni og nýjum síðum.<sup>56</sup>

Þá er vert að nefna Kristján Andrés�son bónda í Meðaldal sem í mörg ár var m.a. skipstjóri á skipum Ásgeirsverslunar á Ísafirði. Veturinn 1883-1884 hafði hann numið við Sjómannaskólann í Bogø í Danmörku:

Á veturnum tók hann þá að kenna sjómannafræði heima hjá sjer, vafalaust af áhuga fyrir útgerðinni og löngun til að leiðbeina ungum efnismönnum en ekki að hann hefði hagnað af því. Þá var enginn sjómannaskóli á landinu; stýrimannaskólinn í Reykjavík ekki stofnaður fyr en 1890. . . Jafnframt stýrimannakenslunni kendi Kristján nemendum sínum einnig seglasaum, sem varð til hinnar mestu nytsemdar, svo að lærisveinar hans urðu að öllu hinir færustu menn til skipstjórnar.<sup>57</sup>

Kristján Andrés�son í Meðaldal var því framarlega í hópi þeirra sem báru með sér nýja tíma í byggðarlagið, bæði hvað sjósókn og landbúnað snerti, og í áður nefndri heimild segir m.a.: „Árið 1906 hætti

febrúar 1893. *Þjóðskjalasafn Íslands*. E.76.6.

55 Matthías Ólafsson í bréfi til Sigurðar Sigurðssonar 17. júní 1893. *Þjóðskjalasafn Íslands*. E.76.6.

56 Kjartan Ólafsson hefur gert sögu hvalstöðvarinnar í Framnesi rækileg skil, sjá <https://www.safnis.is/upload/files/47Hofdi.pdf>

57 *Óðinn* 27 (1931), 56-57.


Kristján skipstjórn á þilskipum og keypti sjer þá mótorbát og stundaði fiskiveiðar á honum að heiman um mörg ár. Var það fyrsti mótorbáturinn sem kom til Dýrafjarðar og var því Kristján brautryðjandi meðal sveitunga sinna á því sviði, eins og um margt annað, sem enn mun nefnt, rafmagnsstöð, vatnsveitu o. fl. . . .“

Guðmundur Gíslason Hagalín hefur lýst útgerðarháttum við Dýrafjörð á þeim árum er fjölmennast var í Haukadal – í lok fyrsta áratugs síðustu aldar. Aðalverslunin á Þingeyri var þá í höndum Milljónafélagsins. Við fjörðinn voru gerð út seglskip, kúttarar, skonnortur og einsigld skip, og vélbátum fjölgaði; fjórir gengu frá Þingeyri og einn frá Meðaldal. Seglskipin voru gerð út frá aprílbyrjun til ágústloka. Vélbátarnir hófu veiðar um svipað leyti og seglskipin en stunduðu þær fram undir jólaföstu. Suður héldu svo margir dýrfirskir sjómenn á vetrarvertíð. Á dýrfirsku skipunum var margt aðkomumanna; „var annars ekki nægur mannaflí þar í sveitunum“, skrifaði Hagalín sem einnig lýsti hlut og kjörum sjómannanna.<sup>58</sup>

## Búnaðarfélagið og

## Sigurður búfræðingur

Nýsköpun atvinnuhátta í Þingeyrarhreppi á tveimur síðustu áratugum nítjándu aldar náðu ekki aðeins til sjávarútvegsins. Búnaðarfélag Þingeyrarhrepps var stofnað 9. mars 1889. Það var angi hreyfingar til eflingar búskap sem þá skaut rötum í mörgum sveitum landsins. Helsta viðfangsefni búnaðarfélaga á upphafsárum þeirra var að efla ræktun landsins – að bæta túnin til meiri hefyngs sem síðan bætti vetrarfóðrun búfjárins. Félögin, mörg hver, réðu sér



*Sigurður Sigurðsson búfræðingur. (Einkasafn).*

búfræðinga til starfa; menn sem lært höfðu jarðyrkju á nýstofnuðum búnaðarskólum landsins eða þá erlendis.

Til starfa hjá Búnaðarfélagi Þingeyrarhrepps var fljótlega ráðinn Sigurður Sigurðsson búfræðingur frá Langholti í Flóa, þá hálfþritugur, nýútskrifaður frá Hólaskóla.<sup>59</sup> Hann tengdist fljótlega Haukadal og virðist hafa tekið virkan þátt í félagslífi þar þótt fremur skamman tíma dveldi vestra: tvö sumur hjá Búnaðarfélaginu og veturinn þar á milli við barnakennslu (1890-1892). Næstu árin virðist hann þó hafa verið viðloða Haukadal og hélt tengslum þangað. Árið 1897 kvæntist hann Björgu Guðmundsdóttur [Eggertssonar] frá Höll í Haukadal.<sup>60</sup> Sigurður varð ráðunautur Búnaðarfélags Íslands um langt árabíl og frumkvöðull í ýmsum búnaðarmálum, ekki síst varðandi áveitur heyskaparlanda og þá þeirri

<sup>58</sup> Guðmundur Gíslason Hagalín: *Sjö voru sólar á lofti* (1952), 125-126.

<sup>59</sup> Sjá nánar [https://issuu.com/bjgudm/docs/landbunadur\\_lidinna\\_tima\\_22\\_1211](https://issuu.com/bjgudm/docs/landbunadur_lidinna_tima_22_1211), 52-93.

<sup>60</sup> Sigurður Sigurðsson: *Æviágrip. Þjóðskjalasafn Íslands*. E.76.6.



*Beðaslétta í Sæbóli, ef til vill frá fyrstu starfsdögum Búnaðarfélags Þingeyrarhrepps og þá verk Sigurðar búfræðings?*

nýsköpun sem rjómabúin voru í byrjun nýrrar aldar.

Enn í dag má ganga á minjar sem minna á störf Sigurðar fyrir Búnaðarfélag Þingeyrarhrepps og annarra búfræðinga sem störfuðu á vegum þess fyrsta áratuginn. Sléttun túnanna var hvað helsta viðfangsefnið og þá sléttun með beðagerð – beðasléttun. Í utan(vestan-)verðum Hjallhólnum í Höll má t.d. sjá myndarleg beð; sömuleiðis innan við Sæbólshúsið í Haukadal og þar inn af í túni Vésteinsholts. En hvað flest og lengst beðin eru enn vel sjáanleg á „Kaupstaðartúninu“ svonefnda, sem er utan við Samkomuhúsið, nú að hluta vaxið trjám. Sú beðaslétta hefur á sínum tíma verið gerð fast utan við Matthíasarhúsið. Matthías hafði einnig áhuga á landbúskapnum. Loks má nefna nokkur samliggjandi beð framan og ofan við Meðaldalsbæinn, sem skjólbelti golfmanna hefur verið plantað þvert yfir.

Ekki er ósennilegt að búfræðingarnir hafi einnig

unnið að framræslu en á ræktun mýranna virðist að minnsta kosti Matthías Ólafsson hafa haft mikinn áhuga. Löngu seinna, nánar tiltekið undir jól 1912 skrifaði Matthías Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal:

Eg komst fyrir nokkrum árum yfir fá hundruð af Haukadal, aðeins 1/12 jarðarinnar og fékk þá í skiptunum allstórt mýrarstykki, sem lá innan-garðs, móti öllu tilkalli til útengis, en þetta mýrarstykki liggur ágætlega vel við, með afardjúpum jarðvegi grjótlausum, og hæfilegum halla og er sem næst 6 vallardagsláttur. Mér er því mikið hugleikið að koma þessu í verk, eigi svo mjög vegna hagsvonarinnar, heldur af því, að hér liggur allmikið land rétt við túnið í mestu vanrækt, en bændur eru að basla við að láta slá fjarlægjar mjög rýrar mýrar, þar sem maður sjaldnast fær á meira en 3-4 kapla á dag af misjöfnu mýrargrasi og oft minna.

Það er trú mín, að ef mér heppnast þetta mitt fyrirtæki, þá muni þeir eigi lengur geta látið það

viðgangast að land það, er eg nefndi liggi lengur í órækt, og þá gæti orðið gaman að sjá þessa eign.<sup>61</sup>

Mýrin sem hér um ræðir gæti hafa verið það svæði sem síðar var kallað *Veitan* og liggur á milli garðanna tveggja, *Sjóargarðsins* að utan og *Veitugarðsins* að framan, upphlaðna vegarins frá heimabæjunum niður í þorpið. *Veitan* var kölluð svo vegna þess „að báðum bæjarlækjunum, sem runnu gegnum hana, var veitt yfir hana vor og haust.“<sup>62</sup> Mýrin er innan þessara marka liðlega 4 hektarar að flatarmáli. Af því hefur Matthías þá fengið tæplega helming, eða 1,9 hektara.

Mýrina hugðist Matthías ræsa fram með lokuðum steinræsum (malarræsum) og fá búfræðing „til þess að flýta fyrir verkinu“. . . Hann kvaðst hafa fleiri járn í eldinum en vildi gæta þess að ekkert þeirra brynni; því þyrði hann ekki „að gera ákveðna pöntun á kerru, en hug hefi eg á því, hið fyrsta að mér er unnt.“<sup>63</sup> Ábúðarhluti Matthíasar í Haukadal mun hafa borið tvær kýr, tuttugu kindur og einn hest.<sup>64</sup> Gæti hann hafa svarað til fjögurra jarðarhundraða, sbr. það sem áður var sagt um skiptingu Haukadalsjarðarinnar.



Í Haukadal á sauðburði 2018.

61 Skjalasafn Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal: *Lbs 150 NF Torfi Bjarnason einkaskjalasafn*. Landsbókasafn Íslands. Háskólabókasafn.

62 Ólafur Ólafsson: „Endurminningar úr heimahögum“. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* (1959), 86.

63 Matthías Ólafsson í bréfi til Torfa Bjarnasonar 18. desember 1912. *Skjalasafn Torfa Bjarnasonar*. Landsbókasafn Íslands.

64 Guðmundur Gíslason Hagalín: *Sjö voru sólir á lofti* (1952), 210.

## Haukadalur varð löggiltur verslunarstaður

Þann 15. janúar 1892 gaf Kristján konungur níundi út svofellda skipun: „Að Haukadal í Dýrafirði skal vera löggiltur verslunarstaður.“ Með því féllst hann á lög sem Alþingi hafði lengi rætt og undirbúið, mest á árunum 1885-1887. Verslun var að liðkast á þessum árum og beiðnir bárust Alþingi allvíða að um löggildingu verslunarstaða. Hér verða ekki raktar allar greinar erindisins um Haukadalsbót sem komu fram í umræðum á Alþingi; aðeins tíunduð fáein þeirra úr *Alþingistíðindum* viðkomandi ára:

Höfnin við Haukadalsbót var álitin einhver sú besta á Vesturlandi. Hana væri því engin áhætta að löggilda. Fyrir Alþingi lágu samt beiðnir heimamanna um tvennt: Að löggilda höfnina og að löggilda hana ekki. Jafnvel stóðu nöfn sömu manna á sitt hvorri bændaskránni svo síst var að undra að alþingismenn væru ögn ruglaðir í rími málsins. Bent var á að annar verslunarstaður, Þingeyri, væri svo skammt undan að óþarfi væri að stofna nýjan aðeins hálfri viku sjávar undan. Rök með málinu voru að skemmri sigling væri inn á Haukadalsbót en til hafnar á Þingeyri. Dýrt væri þó að koma upp mörgum verslunarstöðum og vörumagnið sem um þá færi þeim mun minna sem þeir væru fleiri. Sama gildi um framkvæmd lögbundinnar tollgæslu. Nokkur umræða varð um meinta andstöðu Grams kaupmanns á Þingeyri við frumvarpið. Jafnvel að mönnum hafi verið neitað um fyrirgreiðslu þar í höndlun nema þeir rituðu nöfn sín á skjal til Alþings gegn löggildingu Haukadalsbótar. Gram mun hins vegar hvergi hafa komið nærri því, enda þá staddur í Kaupmannahöfn. Hvað harðast gegn löggildingu Haukadalsbótar á Alþingi virðist hafa talað Halldór Kr. Friðriksson. Hann var tengdafaðir Sandaprests, sr. Kristins Daníelssonar, og taldi sig þekkja öðrum betur til aðstæðna við Dýrafjörð. Þá var bent á að löggilding væri leið til

Þess að koma lögum yfir hin ólöglegu viðskipti, sem átt hefðu sér stað, einkum við Fransmenn. Það sjónarmið kom fram hjá andmælendum að með löggildingu verzlunarstaðar væri einkum verið að hugsa um brennivínssöluna. Meðmælendur bentu hins vegar á að stöðug fjölgun þilskipa við Dýrafjörð kallaði á aukna og betri verzlun, auk hins að samkeppni á milli verzlunarstaða gæti leitt til hagkvæmara vöruverðs – að Þingeyrarverzlun hefði gott af nokkrri samkeppni. Þar hafði fastaverslun N. Chr. Grams staðið síðan 1867.

Málið veltist nokkur misseri hjá Alþingi og síðan hjá landshöfðingja. Konungur synjaði staðfestingu löggildingarinnar árið 1887.<sup>65</sup> En í ársbyrjun 1892 var málið leitt til lykta: Haukadalur varð löggiltur verzlunarstaður.

Og menn höfðu búið sig undir það sem í vændum var eins og frétt í *Þjóðviljanum* haustið 1891 bar með sér:

Kaupmaður L. A. Snorrason, sem verzlun rekur hér á Ísafirði, hefir þegar leigt lóð undir verzlunarhús í Haukadal, og mun ætla að byrja þar verzlun, ef lagafrumvarp síðasta þings, um löggildingu Haukadals, fær konunglega staðfestingu, sem búist er við, að fáist fyrirstöðulítið. Enn fremur hefir hr. L. A. Snorrason leigt lóð á Sveinseyrarodda, er liggur að Haukadalsbót, og mun hann ætla að hafa þar fiskiverkunarpláss.<sup>66</sup>

Lárus Á. Snorrason hafði áður verið verslunarstjóri Ásgeirsverslunar á Ísafirði en var þegar hér var komið sögu orðinn umsvifamikill verslunarmaður þar.<sup>67</sup> Matthías Ólafsson var nú aftur kominn heim í Haukadal. Hann sótti nú fram í höndlun sinni þar eins og hann skrifaði sumarið 1893: „Verzlun mín hefir verið í dálítið stærri stýl í ár enn í fyrra og er



*Þessi steypiti steinn, sem stendur í túninu skammt innan við Sæbólshúsið er einn af markasteinum gömlu verslunarlóðarinnar í Haukadal. Samkvæmt Stjórnarráðsbréfi frá 1938 um takmörkun verslunarlóðarinnar náði hún lauslega talið um Vésteinsholt, Sæból, Barnaskólann og Samkomuhúsið og síðan út fjörukambinn, lítið eitt út fyrir Sjóargarðinn. Hún virðist hafa verið tæpir þrjú hektarar að flatarmáli. Í bréfinu sagði ennfremur að hreppsnefndin skyldi „setja upp og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkun verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi.“ (Stjórnartíðindi, 1937).*

útlit fyrir að hún muni stækka, einkum ef eg gæti tekið innlenda vöru, sem ekki er ómögulegt að verði innan skamms.“<sup>68</sup>

Matthías rak verslun sína í Haukadal til ársins 1897. Þá seldi hann Gramsverslun á Þingeyri verslun sína en hélt áfram að veita henni forstöðu. Jafnframt fékk hann Gramsverslun til þess að koma upp íshúsi í

<sup>65</sup> *Stjórnartíðindi* B-deild 1887, 80-82.

<sup>66</sup> *Þjóðviljinn* 15. september 1891.

<sup>67</sup> Jón Þ. Þór: *Saga Ísafjarðar* II (1986), 96.

<sup>68</sup> Matthías Ólafsson í bréfi til Sigurðar Sigurðssonar 17. júní 1893. *Þjóðskjalasafn Íslands*. E.76.6.

Haukadal í því skyni að geta selt aðkomuskipum ís og frysta síld.<sup>69</sup> Frá því fyrirtæki segir í sérstökum kafla hér síðar. Viðskipti þessi benda til þess að samskipti fyrirtækjanna tveggja, sem ætla má að hafi keppt á sömu mörkuðum, hafi verið á vinsamlegum nótum. Það spillti varla fyrir samskiptum að Matthías og Friðrik Wendel, verslunarstjóri Gramsverslunar, voru svilar; Friðrik átti Svanfríði Ólafsdóttur en Matthías systur hennar, Marsibil.



*Glæsilegt hefur Matthíasarhúsi verið. Af svölum þess hefur sést vel út á Haukadalsbót og til fjarðarmynnis og af svölunum hefur mátt njóta síðdegis- og kvöldsólar. Guðmundur Gíslason Hagalín lýsti húsinu svo en fjölskylda hans bjó þar um tíma: „Húsi Matthíasar var geysistört, eftir því sem þá tíðkaðist í þorpum og jafnvel bæjum. Niðri var mjög rúmgott eldhúsi, tvær stórar stofur og tvö frekar lítil herbergi, og uppi á loftinu voru margar vistarverur. Í suðvesturenda hússins uppi var stór stofa og inn af henni sæmilegt herbergi. Í þessu herbergi voru tvö rúm, sitt undir hvorri hlið . . . Ekki var neinn ofn í þessu herbergi, en í stofunni var kappkynt.“<sup>70</sup> Matthíasarhúsið var tekið ofan, sennilega laust fyrir 1920, og efnið flutt suður þar sem eitt húsi eða fleiri voru reist úr því.<sup>71</sup> (Einkasafn)*

69 Kristján Bergsson: „Matthías Ólafsson, fyrrv. alþingismaður“. *Ægir* (1942), 68.

70 Guðmundur Gíslason Hagalín: *Ilmur liðinna daga* (1953), 22-23.

71 Þórir Örn Guðmundsson á Þingeyri í samtali við BG 23. júní 2024.

## Byggðin hafði mótast

Nú má staldra við, setja hér örstuttan kafla með því að virða fyrir sér byggðina í Haukadal sem þar er um aldamótin 1900. Gömlu býlin þrjú standa sem fyrr í hlíðarfætinum ofan við Veituna. Yst í þá röð hefur *Húsatún* risið. Þorpið, sem svo má kalla, var orðið til niðri á Holtunum, *Sæból* (*tvö*), *Vésteinsholt*, *Litlaholt*, *Brautarholt*, *Árholt*, að ógleymsdu *Matthíasarhúsi*, og raunar fleirum, þar með talið húsum sem reist voru í atvinnu- og þjónustuskyni, og verður getið hér á eftir.

Guðmundur Hagalín Gíslason, síðar rithöfundur, flutti til Haukadals um fermingu (f. 1898). Honum komu gömlu býlin þrjú og *Húsatún* þannig fyrir sjónir:

Húsakynnin eru góð, reisuleg timburhúsi, sem þykja ágæt híbýli eftir þeim kröfum, sem gerðar eru um húsakost það herrans ár 1912. Á öllum býlunum hefur verið talsvert unnið að jarðabótum. Hjá öllu þessu fólki ríkir andi þrifnaðar og hirðusemi, og gestrisið er það með afbrigðum og gott viðlyndis.<sup>72</sup>

Að fornu mati var Haukadalur talinn 60 hundruð. Gömlu jarðirnar þrjár námu 48 hundruðum, Hallarjörðin var þó mest þeirra, skrifaði Ólafur Ólafsson.<sup>73</sup> Tólf hundruð skiptust á milli „Matthíasar Ólafssonar kaupmanns og bændanna á *Húsatúni* og *Vésteinsholti*.“ Sú skipting hefur verið gerð eftir að þorpsmyndun hófst í Haukadal.

Hverfum svo um stund að málefnum andans. Breytingarnar í Haukadal voru ekki eingöngu af efnislegum toga.

72 Guðmundur Gíslason Hagalín: *Sjö voru sólar á lofti* (1952), 7.


73 Ólafur Ólafsson: „Endurminningar úr heimahögum“. *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga* (1959), 85.

## Blaðið Kveldúlfur

Á seinni hluta nítjándu aldar breiddist sá siður út um sveitir að gefa út handskrifuð blöð. Slík blöð voru gefin út í mörgum héruðum og sum urðu langlíf. Efni blaðanna var býsna fjölbreytt. Þau gengu á milli bæja þar sem þau voru lesin (upp) og efni þeirra rædd eftir hætti. Sum þessara blaða „komu út“ svo árum skipti. Önnur lifðu skammt. Haukdælir tóku einnig að gefa út handskrifuð blað. Kveldúlfur hét það.<sup>74</sup>

Eðli máls samkvæmt var þess ekki að vænta að slík blöð varðveittust; um svo margar hendur fóru þau flest. Þó eru tvö tölublöð Kveldúlfs geymd í einkaskjalasafni Sigurðar Sigurðssonar búfræðings í Þjóðskjalasafni. Þau gefa okkur nokkra hugmynd um framtakið.

Fyrsta tölublaðið, 10. janúar 1897, hófst með *Passa Kveldúlfs*. Það var ritstjórnaryfirlýsing, býsna skorinorð: „Hvar sem hann kemur á bæ er hann viss með að setjast upp á pall og þylja þar það, sem hann veit um náungann, einkum sé það nú eitthvað misjafnt“, segir þar. Samt er lofað ábyrgum efnistöfum svo „að eigi varði við lög.“ Tilgangur blaðsins, sem koma skyldi út tvisvar í mánuði, væri „að gefa mönnum, og þá einkum hinum yngri, kost á að framleiða hugsanir sínar í ritmáli.“ Engin málefni skyldu útilokuð, nafnleynd heitið, væri hennar óskað, en aðstoð boðin við að „lagfæra málfar og rithátt á greinum þeim, sem blaðinu berast frá alþýðumönnum.“ Blaðinu skyldi ætlað að ganga um alla sveitina . . . „inn á hvert einasta heimili, eins og „Kirkjublaðinu“ var ætlað að gjöra.“ Í ritnefnd voru þá Sigurður Sigurðsson, sem þá virðist hafa dvalið í Haukadals, Ólafur Guðbjartur Jónsson og Matthías Ólafsson.



Hluti af titilsíðu fyrsta tölublaðs Kveldúlfs.

Titlar ritgerða í tölublöðunum sem varðveist hafa lýsa efninu sem til umfjöllunar var: *Ráðningar á þilskip. Bókasafn alþýðu. Um pöntunarfélög og kaupfélög. Lestrarfélagið*, auk auglýsinga og skritlna. Tvær greinar eru athyglisverðar fyrir þá sögu sem þessi ritgerð fjallar um. Sú fyrri nefnist *Haukadalur* og fer hér á eftir í heild. Nafnlaus er greinin og því sennilega skrifuð af einum eða fleiri ritnefndarmönnum:

### HAUKADALUR

*Eru nokkur skilyrði fyrir hendi fyrir því, að Haukadalur geti orðið stór bæir í íslenskum skilningi?*

*Það mun þykja yfirlætismerki, að bera upp þessa spurning og því eigi síður, að svara henni játandi; en þó hikum vér eigi við að gjöra það. En það er sitt hvað, að slá einhverju fram eða að rökstyðja það. Vér búumst því við að þurfa að gjöra það og erum þess albúnir.*

*Það er trú vor og sannfæring, að þetta muni verða, en með því að sú trú er ekki svo sterk að hún flytji fjöll, þá mun þurfa meira til að slá alla hina vantrúuðu af laginu.*

*Þessa trú vora og álit bygðjum vér í fyrsta lagi á legu Haukadals. Haukadalur er hinn yzti staður í Dýrafirði, þar sem nokkurt gagnlegt skipslægi sé og er því eigi ólíklegt að skip leiti þangað fremur en til þeirra staða,*

<sup>74</sup> Fjöllun um *Kveldúlfur* byggð á gögnum Sigurðar Sigurðssonar búfræðings í *Þjóðskjalasafni*. E.76.6.

er fjær liggja hafinu. Höfnin er bæði góð og rúm; höfum vér séð í einu 65 skip á henni, þótt nú sé langt síðan og af þeim voru 3 herskip og þó mundi höfnin hafa rúmað talsvert fleiri skip. Þar næst er mjög auðvelt að fá vatn fyrir skip, þar sem tvær ár renna í sjóinn, sín hvoru megin í dalnum. Þriðja skilyrðið er landrýmið og eitthvert fegursta bæjarstæði á holtunum fyrir innan bæinn og þá eigi síður á nesinu innan við ána. Á þessu svæði mætti geta staðið bær, sem hefði íbúa svo skipti tugum þúsunda. Fjórða skilyrðið er haustaflinn og þó lítið sé enn um afla að vorinu, þá ætlum vér þó, að hægt sé að draga hér fram lífið á sjónum eingöngu, flesta tíma ársins, að vetrinum undanskildum. En eitt aðalskilyrðið vantar enn, en það er trú vor, að það sé að eins tímaspursmál þangað til það einnig er fyrir hendi. Þetta skilyrði er kraftmikil verzlun eða önnur stofnun, er veitti mikla atvinnu t.d. fiskiveiðafélag, hvalveiðistöð eða því um líkt. Hefði slík stofnun verið komin hér á fyrir t.d. 30 árum, þá mundi Haukadalur nú vera stærstur bær á Vesturlandi.

En nú er spurningin. Er rétt að stuðla að því að þetta verði og er það eftirsóknarvert að einmitt Haukadalur verði hinn helzti staður í Dýrafirði þrátt fyrir það þótt þar sé annar staður, sem einnig á sína sögu og sem nú að mörgu leyti ber ægishjálms yfir honum. Enn þá svörum vér hiklaust játandi. Sökum almenningsgagnsins á Þingeyri að lúta í lægra haldi fyrir Haukadals.

Flestir þeir, er nokkurt verzlunarmagn hafa eiga styttra að sækja til Haukadals og þegar sá tími kemur, að menn læra að nota tímann betur en nú tíðkast, þá mun sú ástæða ein vera nóg til þess að leita einmitt þangað sem minnstan tekur tímann.

Næsta tölublað *Kveldúlfs*, 23. janúar 1897, hófst með greininni *Ónotað land*. Líklega var hún einnig frá ritnefnd komin því hún er nafnlaus. Tilefni greinarinnar má giska á að sé sú fjölgun íbúa sem þá hafði orðið í Haukadals, ekki síst hús- og

þurrabúðafólks. Nokkrar klausur úr greininni lýsa meginefni hennar:

### ÓNOTAÐ LAND

Hér í Haukadals er eitt slíkt svæði, sem liggur allsendis ónotað, og er þegjandi vottur um viðburðaleyfi búendanna, að bæta ábýlisjarðir sínar. Svæði þetta eru hinar svonefndu Fúamýrar. . . Þessutan eru mýrar þessar óskiptar . . . og nú hefir hver það hann reitir sér úr mýrum þessum.

Því verður eigi neitað að jarðareigendur hafi lagalegan rétt til að láta þannig stærri eða smærri svæði af jörðum sínum liggja ónotuð, enda þótt fjöldi húsmanna og þurrabúðarmanna þurfi með að hafa einhverja grasnyt, og auðvitað væri fúsir að taka þessa bletti á leigu, en hitt er annað mál, hvað hin siðferðislegu lögin, segja um þetta atriði. Mundi sá eigi talinn að brjóta hin siðferðislegu lög, sem hefði gnægð matar, jafnvel svo mikla, að hann eigi gæti komið sér í lóg, en léti þó matinn heldur skemmast, en að selja hann við vægu verði þeim, er hans þyrftu. Á því er enginn efi, að sá maður mundi illa þokkaður, en í sjálfu sér er þetta alveg hið sama dæmi, sem hitt, með ónotuðu jarðarblettina. . .

Tillaga vor er, að Haukdælir selji mýrar þessar á erfðafestu, með hæfilegu árlegu eftirgjaldi. Að vísu ætti ársleigan að vera væg, en þó væri eigendum sízt láandi, þótt þeir notuðu sér að nokkru, ef margir sæktust eftir blettinum.

Síðan skýrir greinarhöfundur nánar framkvæmd leigu og meðferð réttindanna, kveðst engan ókost sjá við hugmyndina og lýkur greininni svo:

Kostirnir eru fölgendir í því, að sá, er blettinn fengi á erfðafestu gæti innan skamms haft nokkra grasnyt og þar af leiðandi gæti haft mjólk og eftir því, sem hann bætti stykkið meira, eftir því yxi eign hans, hinsvegar ykist tekjur jarðeigenda við ársleiguna,



*en það, sem þó má telja aðalkostinn er það, að óræktarblettur, sem hingað til hefir verið býlinu til vanhirðu hlyti að verða því til þrýði og sóma.*

Kveldúlfur varð ekki langlífur, sjá bls. 15; lífði ef til vill aðeins veturinn 1897, enda hvarf þá öflugur ritnefndarmaður blaðsins, Sigurður búfræðingur, til náms erlendis. Áður munu hafa komið út handskrifuð blöð í Haukadal, m.a. sk. *Umburðarblað* sem Matthías Ólafsson gaf út áður en hann hélt til náms í Möðruvallaskóla árin 1880-1882, blað er flutt var frá bæ til bæjar. Efni þess var „fréttir, frumsaminn skáldskapur og sér í lagi hvatning til ýmiskonar framfara“. . . Hlé varð á útgáfunni á meðan Matthías var í námi á Möðruvöllum.<sup>75</sup> Ósennilega hefur nokkurt tangur né tetur af blaðinu varðveist.

Það hæfir að nefna hér félag sem starfaði í Haukadal og telja má skylt Kveldúlfi að hlutverki. Það var *blaðakaupafélagið Huld*. Samkvæmt tiltækum heimildum var það komið til sögu árið 1896 og var starfandi árið 1899. Það ár skyldi félagið kaupa ein tólf blöð og tímarit, fyrir samtals kr. 35 sem þá var andvirði 14 dagsverka um heyrannir. Blöðin skyldi lána félagsmönnum undir stjórn blaðastjóra. Heimilt var með skilyrðum að lána mönnum blöðin til sjós. Glötuð blöð skyldi viðkomandi bæta skv. úrskurði blaðstjórnar. Eftir að allir hefðu lesið blöðin skyldu þau berast blaðstjóra til varðveislu. Félagsfundur skyldi ákveða skipti eða sölu á þeim.<sup>76</sup>

## Nýja öldin heilsaði

Fleiri hugmyndir fengu menn sem ekki varð mikið úr. Veturinn 1902 var haldinn fundur í Framnesi. Þar mættu fulltrúar úr öllum hreppum Vestur-

Ísafjarðarsýslu. Málefni skipakvíar var fimmti liður fundarins:

Í því máli var samþykkt að skora á landsstjórnina að senda verkfræðing landsins til að athuga, hvort eigi væri hentugur staður fyrir skipakví í Vesturamtinu, t. d. við svokallað Eyrarvatn við Sveinseyri í Dýrafirði, og var ályktað að kjósa 3. manna nefnd til þess að semja brjef til landshöfðingja um þetta efni. Kosnir: síra Kr. Danielsson, [og þeir bræður] Jóh. Ólafsson og Matth. Ólafsson.<sup>77</sup>

Menn töldu að Eyrarvatnið mætti grafa út og gera þar skipakví. Mynni hennar hefði þó verið erfitt að verja fyrir þungri úthafsöldu auk þess sem Eyrarvatnið er grunnt. Umtalsverðan gröft hefði því þurft til þess að gera það skipgengt. En hugmyndina mátti viðra.

Bjarni Sæmundsson kvað, í skýrslu sinni um fiskirannsóknir 1901, bátaútvegi hafi hnignað töluvert við Arnarfjörð og Dýrafjörð „af því að þilskipaútgerðin hefur dregið frá honum.“<sup>78</sup>

Það virðist hafa runnið upp nokkur átakatími. Haustið 1903 lýsti heimildarmaður samkeppni útgerðarmanna og bænda um vinnuafli – að brátt verði hætt að fá slegin túnin „því enginn vill verða til að bera á að haustinu“ og að í Haukadal halli öllu fram í fjöru eins og annarsstaðar . . . „allt rennur í sjóinn“. . .<sup>79</sup>

Jón Friðrik Matthíasson [Ólafssonar] sagði að Haukadalsveldinu hafi hnignað á fyrstu árum aldarinnar þegar frönsku duggunum fækkaði á miðunum útifyrir. Þá fjölgaði aftur á móti togurum, en þeir komu ekki til viðskipta inn á Fjörð. Vélbátar voru að koma til sögunnar; Kristján í Meðaldal

<sup>77</sup> *Vestri* 8. mars 1902.

<sup>78</sup> *Andvari* XXVIII (1903), 119.

<sup>79</sup> Guðmundur Kristjánsson í bréfi til Sigurðar Sigurðssonar 3. nóvember 1903. *Þjóðskjalasafn*. E.76.6.

<sup>75</sup> Jón Friðrik Matthíasson: *Erindi*. Óbirt handrit, án árs.

<sup>76</sup> Byggt á gögnum Sigurðar Sigurðssonar búfræðings í *Þjóðskjalasafni*. E.76.6.

varð fyrstur til; keypti sér mótorbát árið 1906, hætti þá skipstjórn á þilskipum og stundaði fiskveiðar á honum að heiman í mörg ár.<sup>80</sup> Aðrir fylgdu. Um 1910 voru þrír vélbátar gerðir út frá Haukadál: *Rán*, *Sólveig* og *Sæljónið* (með það var Gísli, faðir Guðm. G. Hagalín). Í Haukadál var mikil vinna – *ástandspláss*. Útgerðin, þjónusta við skipin og loks Hvalstöðin í Framnesi.<sup>81</sup>

Hvalstöðin hefur sennilega þótt spennandi vinnustaður. Sr. Kristinn Daníelsson á Söndum bar sig illa í bréfi til Sigurðar búfræðings veturinn 1892 . . . kvaðst hafa haft augastað á Mikkel Þorlákssyni til starfa fyrir Búnaðarfélag Þingeyrarhrepps en hann horfið til starfa hjá Berg kaffeini í Framnesi sem vildi ekki gefa hann eftir.<sup>82</sup> Árum síðar kvartaði prestur einnig undan vinnuhjúaleysi . . . „Vera má að hann [búskapurinn] geti risið upp í nýjum blóma á grundvelli vistarbandsleysingarinnar, en það er að minnsta kosti ekki enn komið lag á að byggja á þeim grundvelli“ . . .<sup>83</sup> Líka var kvartað undan því að illa gengi að manna skipin „enda þótt boðið sé gott kaup, því verzlunin er orðin mjög vond og fer æ versnandi, og lítur ekki út fyrir að Chr. Gram ætli að verða neinn föðurbetrungr með tímanum.“<sup>84</sup>

Vorið 1903 barst hreppsnefnd Þingeyrarhrepps erindi frá athafnamanninum Konráð Vilhjálmssyni frá Brekku í Mjóafirði sem vildi á sinn kostnað færa veg „úti á Haukadalsnesi, og leggja hann fyrir ofan lóð, sem til orða hefur komið að hann fái þar fyrir fiskverkunarpláss.“ Það samþykkti hreppsnefndin en gat ekki ákveðið að svo stöddu hvernig leggja skyldi

vegin.<sup>85</sup> Konráð hafði þá látið smíða gufuskip til fiskveiða „með 5 bátum, en fjölgar síðan bátunum og færir sig umhverfis land eptir fiskigöngunum . . . Skipið er 100 fet á lengd, 20 ½ fet á breidd og 11 fet á dýpt. Í því má geyma 60 tonn af síld til beitu, og sem því svarar af ís. Með skipinu eru 7 aðgerðarmenn.“<sup>86</sup> Ekkert varð af umtöluðum áformum Konráðs í Haukadál. Hann hefur ef til vill hugsað sér að fylgja veiðiháttum amerísku lúðuveiðaranna og nýta aðstöðu í Haukadál eins og löng og góð reynsla var komin á. Gíska má á að umtöluð lóð hafi verið fyrir innan Haukadalsána því utan við hana voru önnur fyrirtæki þegar fyrir.

## Góðtemplararegla stofnuð

Í bréfi úr Dýrafirði vorið 1904 sagði m.a.:

. . . Framfara fyrirtæki er ekki að nefna hér á nafn, eða nokkra hreifingu til þess sem líf eða þróttur er í, en þar á móti virðist heldur fara í vöxt tómlæti hinnar yngri kynslóðar í verknaði og iðni, og má óefað ætla að það eigi að nokkru rót sína að rekja til dansleika og slíkra samfunda sem hafa verið tíðkaðir hér, einkum á síðasta vetri. Í þess háttar athafnir eru gjálífis iðjuleysingar sólgirnir, alveg eins og gráðugir embættingar í völd og metorð, — en afleiðingin er sú, að þesskyns lið er opt eptir sig eptir þess háttar skrípalæti, nennir ekkert að gera og bíður með óþreyju eptir næsta fundi og svo gengur koll af kalli, það eru óþarfir besefar, sem á einhvern hátt stuðla að slíku, — eða þá þeir, sem ekki hafa skörungsskap til að aptra því, sem er til niðurdreps og bölvunar, en það ættu bæði prestar og hreppsnefndir að gera, áður [en of mikið] er að gert, en það þarf að búa til um það lög, því ekkert má annars gera, sú tízka er komin á.

80 K.D. [Kristinn Daníelsson]: „Kristján Andrjesson og Helga Bergsdóttir í Meðaldal“. *Óðinn* (1931), 57.

81 Jón Friðrik Matthíasson í samtali við BG 27. apríl 1983.

82 Sr. Kristinn Daníelsson í bréfi til Sigurðar Sigurðssonar 19. mars 1892. *Þjóðskjalasafn*. E.76.6.

83 Sr. Kristinn Daníelsson í bréfi til Sigurðar Sigurðssonar 1. febrúar 1899. *Þjóðskjalasafn*. E.76.6.

84 Guðmundur Kristjánsson í bréfi til Sigurðar Sigurðssonar 26. október 1900. *Þjóðskjalasafn*. E.76.6.

85 *Fundargerðabók* hreppsnefndar Þingeyrarhrepps 25. apríl 1903. *Skjalasafnið* á Ísafirði.

86 *Þjóðviljinn* 10. mars 1903.

Nú minnst enginn maður á politik, – en menn lesa með athygli allt það sem blöðin segja um heimastjórnina nýju. . .<sup>87</sup>

Félagslíf og skemmtanir já. Bindindishreyfingin kom við sögu Haukadals á árunum upp úr fyrri aldamótum, raunar Dýrafjarðar alls. Haft var eftir Guðmundi Guðmundssyni kaupmanni á Þingeyri árið 1907 „að stúkunum þar við Dýrafjörð vegni vel og Haukdæla starfi af fjöri. Gyða [á Núpi í Mýrahreppi] hefir þegar byggt sér hús, en *Haukdæla hyggur til húsbýggingar í sumar*“ . . .<sup>88</sup>[lbr. hér]. Stúkan Haukdæla, nr. 113, var stofnuð veturinn 1906 og þá um vorið var sagt frá henni m.a. í blaðafregnum merktri Þ.Ó. [sem sennilega var sr. Þóróður Ólafsson prestur Sandaprestakalls]:

Stúkan »Haukdæla« hefir nú um 35 meðlimi, Stofnendurnir voru flestir ungar stúlkur, og var ekki laust við að einstöku góðviljaðir(!) náungar létu fyrst á sér heyra að lítilla framkvæmda mundi verða að vænta frá þeim. En dugnaður þeirra og áhugi hefir þegar sýnt að mikils og góðs starfs má af þeim vænta fyrir bindindismálið. Þrátt fyrir það þó fjárhagurinn væri erfiður, hefir stúkan þó aflað sér embættismannaekenna og flestra þeirra áhalda, sem brýnust þörf er á. Einnig mun stúkan hafa fastráðið að koma sér upp fundarhúsi á komanda sumri. Má það sýnast mikið í fang færst, þar sem flestir meðlimirnir eru ungt fólk án efna. En þetta vex þeim þó ekki í augum, enda eiga meðlimirnir mikið af áráði og dugnaði en það eru öfl, sem mörgum þungum og erfiðum steinum fá úr götu oltið. Stúkan hefir líka mætt sérlegri velvild af íbúum Haukadals, svo sem versl.stj. Matth. Ólafssyni og bændunum Guðmundi Eggertssyni, Ólafi G. Jónssyni og fleirum. Má liðsinni þessara manna, sem allir mega sín mikils, verða stúkunni meira virði en tölum verði talið.<sup>89</sup>

<sup>87</sup> *Þjóðviljinn* 21. maí 1904.

<sup>88</sup> *Templar* 1907 (1), 3.

<sup>89</sup> *Templar* 1906 (8), 31.

Téð hús mun hafa risið því að í Haukadale var til Templarahús. Um þá byggingu eru annars fáar heimildir enn fundnar. Húsið stóð skammt framan við Barnaskólahúsið er síðar reis og enn stendur. Það virðist hafa verið mikil bygging á þeirra tíma mælikvarða:

Í Templarahúsinu var stór salur, skrifaði Guðmundur Hagalín, og öðrum megin við anddyrið var rúmgott herbergi sem var í senn eldhús og veitingastofa. Í húsinu komust fyrir þrjátíu fjörutíu manns sem biðu dagsstund fars með skipi suður.<sup>90</sup> Svið virðist hafa verið í húsinu, megi marka frásögn Hagalíns af fimleikasýningu fimleikafélagsins Höfrungs á Þingeyri með eftirfarandi dansleik.<sup>91</sup> Stúkan Haukdæla var starfandi árið 1912.<sup>92</sup>

Um þær mundir (1912) „var endurvakið í Haukadale söngfélagið Vöggur, en í því voru bæði konur og karlar.“ Ólafur Ólafsson frá Miðbæ, „mjög söngelskur, hafði eitthvað lært á hljóðfæri og lék á orgel“, hafði verið fenginn til söngstjórnar, „söng kórinn opinberlega í Haukadale, Keldudale og á Þingeyri.“<sup>93</sup> Ef til vill var söngskemmtunin haldin í Templarahúsinu?

## Íshúsið og síldveiðarnar

Á síðasta fjórðungi nítjándu aldar varð notkun síldar til beitu almenn héraendis. Ekki var þó í bókstaflegri merkingu á vísan að róa hvað síldina snerti. Skortur á hentugum geymsluaðferðum takmarkaði notagildi hennar. Með tilkomu íshúsa urðu þáttaskil

<sup>90</sup> Guðmundur Gíslason Hagalín: *Ilmur liðinna daga* (1953), 249-250.

<sup>91</sup> Guðmundur Gíslason Hagalín: *Sjö voru sólar á lofti* (1952), 116.

<sup>92</sup> [https://skemman.is/bitstream/1946/19440/3/Godtemplarar\\_Ahrif.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/19440/3/Godtemplarar_Ahrif.pdf)

<sup>93</sup> Sama heimild, 45-46.

í fiskveiðum og sjávarútvegi. Í íshúsum mátti geyma beitusíld um lengri eða skemmri tíma. Vegna þeirra mátti því lengja úthald skipanna, skapa sjómönnum öruggari tekjur og styrkja stoðir útgerðar.<sup>94</sup> Íshúsin eru merkur kafli í íslenskri atvinnusögu. Fyrir almennri sögu þeirra hefur verið gerð rækileg grein á öðrum stað.<sup>95</sup>

Elstu rætur áttu íshúsin á Austfjörðum en þangað barst verkþekkingin frá Nýja-Íslandi í Kanada. Eina fyrstu fréttina um hina nýju geymsluaðferð er að finna í *Ísafold* í ársbyrjun 1896. Þar sagði m.a.:

Íshúsin á Austfjörðum. Það eru ekki færri en 8 íshús og frystihús ýmist upp komin eða í smíðum nú á Austfjörðum, frá því í fyrra haust, – allt fyrir forgöngu og eptir fyrirsögn Ísaks Jónssonar, er þangað kom í fyrra frá Ameríku (Winnipeg). Fyrsta húsið var byggt í fyrra vetur í Mjóafirði. . . . Þetta óvanalega fjör í nýjum framfarafyrirtækjum hjer á landi er því að þakka, að þau tvö íshúsin, sem komin voru í gagn fyrir sumarvertíðina eystra, hafa reynzt reglulegar gullkistur fyrir útvegsbændur þar og fiskimenn.<sup>96</sup>

Síst var því að undra að áhugi fyrir íshúsum kviknaði í öðrum byggðarlögum. Árið 1903 voru alls talin vera 40 íshús í landinu, „aðallega ætluð til þess að frysta og geyma síld til beitu.“<sup>97</sup>

Í skýrslu sinni til landshöfðingja árið 1901 eftir ferð um Vestfirði sagði Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur þó þar vera fá íshús . . . „og öll eign kaupmanna, sem hafa einkum komið þeim upp til þess að hafa nægilega beitu handa þilskipum sínum og öðrum, innlendum og útlendum. Hin elztu eru að

94 Jón Páll Halldórsson: „Beitugeymsla og upphaf íshúsa á Íslandi“. *Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf.* 1982.

95 Haukur Sigurðsson: „Upphaf íshúsa á Íslandi“. *Saga* 28 (1999), 87-130.

96 *Ísafold* 25. janúar 1896.

97 Jón Páll Halldórsson: „Beitugeymsla og upphaf íshúsa á Íslandi“. *Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf.* 1982, 13.

eins fárra (4-5) ára gömul“. . . Bjarni sagði eitt þeirra þá vera risið í Haukadalsdal við Dýrafjörð, í eigu Gramsverslunar á Þingeyri.<sup>98</sup>

Enn í dag má sjá glöggar minjar um þessa nýsköpun atvinnulífs í Haukadalsdal fyrir meira en einni öld. Þess vegna er eftirfarandi saga sögð.

## Ísgeymslufélag stofnað

Í skýrslu Bjarna Sæmundssonar er einnig að finna ástæðuna fyrir því að ráðist var í byggingu Íshússins Haukadals:

– Í *Dýrafirði* eru menn komnir lengra á veg. Þar veiðist nú síld bæði í lagnet og nætur. Fyrsta lagnetið var lagt þar 1880 og þrjú síðustu ár hefur nótt verið brúkuð í Haukadalsdal. Síld kemur oft mikil í fjörðinn, smásíld, millisíld snemma vors og hafsíld síðar, en hún er stopul, einkum stórsíldin því fjörðurinn er grunnur; var af henni mjög mikill afli 1896-98, en síðan enginn.<sup>99</sup>

Í móðu er skýringin á bak við fyrstu tilraunirnar með lagnetið 1880. Hún gæti þó verið blanda af hagstæðum skilyrðum af náttúrunnar hendi og viðskiptum heimamanna við erlenda aðila sem fjölskipa voru ár hvert með viðkomu og sumpart viðlegu á Dýrafirði. Hentug aðferð við geymslu beitunnar jók verðmæti hennar til muna. Skipalægi taldist gott á Haukadalsbót og var því eftirsótt. Viðskipti efldust með áhöfnum og heimamönnum á bæjunum þremur sem frá fornu höfðu staðið í Haukadalsdal og að því kom að fleirbylí tók að myndast. Látum þá sögu liggja á milli hluta að sinni en rifjum upp auglýsingu sem birtist í nokkrum tölublöðum *Þjóðólfs* veturinn 1901. Hún var frá *Ísgeymslufélagi Dýrfirðinga* „sem hefur til sölu frysta síld og ís“:

98 *Andvari* 28 (1903), 120.

99 *Andvari* 28 (1903), 131-132.

Með því að félagið hefur nú fullkominn nótaútleiðing og æfðan síldarveiðaformann, býst það við, að hafa næga síld á komanda vori. Ís og síld hvergi eins ódýrt á Vesturlandi. Afgreiðsla fljót, hvort heldur er á nóttu eða degi.

Haukadali í Dýrafirði 20/1 1901


*Matthías Ólafsson.*

Bjarni Sæmundsson staðfesti hagfellt verð síldarinnar hjá Ísgeymslufélaginu árið 1901:

Af því að frystihúsin eru fá og flestöll eign kaupmanna og geta hvergi nærri fullnægt hinum miklu þörfum þilskipa og báta, þá er frosin síld ákaflega dýr, 45 til yfir 50 kr. tunnan, þó er hún að mun ódýrari í Haukadals-íshúsinu. [. . . *Bjarni segir tunnuna kosta aðeins 30 kr. í Reykjavík*].<sup>100</sup>

Í Haukadali var sýnilega hafin þjónusta við fiskiskipin byggð á hinni „nýju“ geymsluaðferð en með rætur í nýstárlegum síldarveiðum – í lagnet og með landnót – sem þar var komin nokkur reynsla á. Vikið verður að veiðunum síðar.

Ekki er ljóst hvort *síldveiðafélagið*, sem þarna er nefnt, er sama og *Ísgeymslufélagið*. Það er þó mjög líklegt svo nátengd sem verkefni þeirra voru.



100 *Andvari* 28 (1903), 120.

## Íshús reist

Matthías Ólafsson í Haukadali tók að velta fyrir sér framkvæmdinni og var frumkvöðull hennar. Sagan segir að þeir svilarnir Friðrik Wendel verslunarstjóri Grams-verslunar á Þingeyri hafi sent Bjarna Guðbrand Jónsson vélsmið suður til Reykjavíkur í því skyni að kynna sér hina nýju geymsluaðferð.<sup>101</sup> Bjarni Guðbrandur hafði alist upp í Haukadali en flutti til Þingeyrar árið 1895 þar sem hann var orðinn fastur starfsmaður Grams-verslunar. Hann var bókhneigður fjölbæfur iðjumaður, . . . „Sistarfandi sinnisglaður, sjálfmenntaður listamaður“ eins og segir í eftirmælum um hann.<sup>102</sup>

Fyrir Bjarna Guðbrand mun hafa verið lagt að hann skoðaði og teiknaði upp Nordals-íshúsið. Það hafði verið reist árið 1894 við lækjarós Tjarnarinnar í Reykjavík en í kringum hana risu nokkur íshús næstu árin.<sup>103</sup> Bjarni Guðbrandur hafði aldrei gert mikið af því að vinna með blýanti en kunni ráð: „Hann fór út í næstu matvöruverslun og keypti þar nokkrar þunnar fjalir úr sykurdösum. Smíðaði hann úr þeim nákvæmt módel af Nordals-íshúsi og fór með vestur og er ekki annað vitað en að mönnum hafi vel líkað.“<sup>104</sup>

Heim kominn stóð Bjarni Guðbrandur fyrir gerð og smíði Íshússins í Haukadali. Það er talið hafa verið fyrsta íshúsið í sýslunni, reist árið 1897. Því var valinn staður á fjörukambinum inn undir ósi Haukadalsár, við innri enda Seftjarnar á flöt þar sem kölluð var Grund. Fjörukambinn hefur fjarðaraldan myndað og haldið við en ofan hans og undir holtunum í mynni Haukadalsins hefur *Seftjörn* orðið til. Hún hafði á sínum tíma verið vettvangur mikilla atburða í *Gísla sögu*.

101 Kristín M. Guðmundsdóttir á Kirkjubólum í samtali við BG 16. júlí 1983.

102 Guðmundur J. Sigurðsson: „Bjarni Guðbr. Jónsson Þingeyri. Æfiminning.“ *Vesturland* 20 (1943), 94.

103 *Fálkinn* 31 (46.-48.) 12. desember 1958.

104 Gunnar S. Hvammdal: „Frumherjinn í járn- og vélsmíði á Þingeyri.“ *Frá Bjargtöngum að Djúpi* I (1999), 95-96.



*Seftjörn í Haukadal sumarið 2018. Tjörnin er um það bil tveir hektarar að flatarmáli. Af henni innanverðri var ísinn tekinn í fyrsta íshús héraðsins. Myndin er tekin af Þorgrímsholti. Íshúsið var reist við innri enda Seftjarnar – til hægri (ljósm.: Kristín Jónsdóttir).*

Heimildarmaður minn, Kristján Guðmundsson (1902-1988), sem alinn var upp í Höll í Haukadal, rifjaði upp minningar sínar um Íshúsið:

Íshúsið í Haukadal var fyrst ætlað til beitugeymslu en síðar jókst sala á ís til skipa. Var það helst á árunum 1917-1921. Mun húsið þá hafa verið stækkað og byggt út í Seftjörnina. Í Íshúsinu voru tveir klefar. Að minni Kristjáns var Íshúsið járnklætt – mikil bygging – einangrað með ösku sem sótt var upp í Höll. Utan við Höll, utan við lækinn, stóð nefnilega vænn öskuhaugur sem var sameiginlegur Haukadals-bæjunum þremur: Höll, Miðbæ og Ystabæ, orðinn áragamall.

Ístaka hófst er kom fram á (í febrúar). Útfallið úr Seftjörninni var stíflað svo að það hækkaði í henni. Með því móti fékkst hreinni ís. Að ístökunni unnu karlmenn úr Dalnum. Hófst vinnan að lokinni morgungjöf skepnanna og mat (um hádegisbil). Unnið var fram undir kl. 4 að skepnurnar kölluðu á að nýju. Allt var unnið með höndum, ísinn höggvinn í kubba, dreginn með sérstökum tögum og húsið fyllt upp í loft. Ísinn var aldrei dreginn á hestum.

Ekki var tekinn ís utar en á móts við Brautarholt. Verkstjóri við ístökuna var Elías G. Arnbjörnsson í Sæbóli, ágætur járnsmiður en hafði fátt verkefna af því tagi. Eftir hann tók Jón Guðmundsson bóndi í Höll við verkstjórinni við ístökuna.

Upphaflega var ísingin vegna geymslu síldarinnar, sem veidd var í firðinum, aðallega inni við Ketilseyri og Hvamm. Unnið var með stóra landnót og nótabát. Þrengt var að nótinu til að ná síldinni en til var að síldin væri geymd í nótinu, sem þá var „gefin út“ svo rýmra yrði á henni. Niður undan Árholti og nær ánni var Nótahús, svart timburhús sem nótin var geymd í.

Ísinn var seldur sjómönnum sem þá brutu sjálfir ísinn úr hellunni sem myndast hafði í Íshúsinu. Ísinn fluttu þeir út í skip sín í pokum. Þar höfðu þeir kassa undir ísinn.

Í ísnum var geymt ýmislegt matvæla, bæði fiskur og kjöt. Meðal annars átti Ólafur Guðbjartur Jónsson bóndi í Miðbæ oftast snemmborinn kálf sem fargað var og fjórpartaður geymur í ís. Er fiskur lagðist frá féll ístakan niður.



*Minningamark um Elías G. Arnbjörnsson í Þingeyrarkirkjugarði. Elías lést sumarið 1916. Hann var hagleiksmaður, titlaður íshússtjóri; áreiðanlega sá fyrsti í hreppnum sem þann titil hefur borið.*

Enn má sjá leifar af grunni Íshússins við innri enda Seftjarnar. Og fleira. Steyptu tóftirnar niður undan Árholti eru „stasjón“ Magnúsar Helgasonar frá Hofi, sem þar hafði aðstöðu fyrir skipið *Njál*. Þar byggði hann beitningaraðstöðu og viðlegupláss fyrir vermenn.<sup>105</sup> Líka stóð þar kofi skammt frá þar sem saltfiskurinn var geymdur. Fleiri skip höfðu svipaða aðstöðu í Haukadal. Þangað komu iðulega karlar úr sveitinni, m.a. handan úr Mýrahreppi. . . og lýkur þar útdrætti mínum úr samtali við Kristján Guðmundsson.<sup>106</sup>

105 Guðmundur G. Hagalín lýsti þessum mannvirkjum í bók sinni *Sjö voru sólir á lofti* (1952), 8-9. Nokkurrar ónákvæmni gætir í frásögn minni af orðum Kristjáns Guðmundssonar og því set ég hér lýsingu Hagalíns: „Innan við tjörnina og rétt við Haukadalsána er hús, sem kallað er Árholt. Það hefur faðir minn keypt. Á kambinum neðan við húsið hefur hann reist timburhjallinn, sem hann átti úti á bökkunum í Lokinhömrum. . . Skammt frá hjalli föður míns stendur steinsteypt verbúð. Hún er kölluð Njálsbúð, því að í henni liggur við skipshöfnin á vélbátum Njáli. Á honum er formaður Magnús bóndi Helgason frá Hofi í Kirkjubólsdal.“ Leifar Njálsbúðar standa enn; húsið var síðast notað sem gripahús Haukadalsbænda.

106 Byggt á viðtali BG við Kristján Guðmundsson 10. desember 1983. Kristján var þá rúmlega áttæður og hafði búið á Akranesi um árabíl.

Ísinn varð að vera hreinn eins og fyrr sagði. Í Seftjörninni í Haukadal, einkum utanverðri, þrífst gróður með ágætum, einkum stargresi – er það sem Stefán Stefánsson kallaði *starartjörn* í Flóru sinni.<sup>107</sup> Seftjörnin var dýpst innst (austast). Þar var heyjað kúgæft fóður sem kallað var *vatnstaða*, hef ég (BG) eftir Knúti Bjarnasyni móðurbróður mínum, sem dvaldi um tíma í *Árholti* vegna barnaskólagaöngu sinnar í Haukadal. Svo stórvaxin varð störin stundum að þurrkuð minnti hún frekar á hálm en hey.<sup>108</sup> Á Seftjörn var farið að slætti á litlum báti síðla sumars.<sup>109</sup> Við sláttinn og heyskapinn hefur tjörnin „hreinsast“ af gróðri en einnig við það að vatnsborð hennar var hækkað eins og áður sagði.

„Það var sjálfgefið að taka ekki ís lengra út eftir en að Brautarholti því að beint fyrir neðan Vésteinsholt var Veitan sem áreiðanlega hefur verið tjörn einhvern tímann en . . . það er eðli margra tjarna að gróa upp. Veitan var blaut yfirferðar og mér hefur fundist ég horfa á tjörnina smám saman fyllast í austurátt af grasi og gróðri“, skrifaði Kristín frá Vésteinsholti.<sup>110</sup> Á þeirri öld, sem er liðin frá ístökunni eða meira hefur Seftjörn tekið miklum breytingum. Fyrir þeim hefur líka flýtt það að löngu er hætt að slá stargresi hennar.

Ístakan gaf dálitla vinnu og tekjur þeim sem hana unnu. Í æviminningum sínum getur Guðmundur Gíslason Hagalín á nokkrum stöðum um Íshúsið í Haukadal. Á árunum 1914-16 var hann til sjós á skútum og skipum frá Dýrafirði. Virðist þá hafa verið algengt að skip kæmu við á Haukadalsbót til þess að taka síld til beitu, sem og ís og vatn.<sup>111</sup>

107 Stefán Stefánsson: *Flóra Íslands* III. útg. aukin. Akureyri. Hið ísl. náttúrufræðifélag, 1948, 92.

108 Kristín Jónsdóttir frá Vésteinsholti í bréfi til BG 26. febrúar 2024.

109 Guðmundur Gíslason Hagalín: *Sjö voru sólir á lofti* Reykjavík, 1952.

110 Kristín Jónsdóttir frá Vésteinsholti í bréfi til BG 12. október 2022. Viðar í greininni er byggt á fróðleik og ábendingum frá Kristínu og systkinum hennar í því bréfi.

111 Guðmundur Gíslason Hagalín: *Ilmur liðinna daga* (1953), 85.



*Ístaka á norsku stöðuvatni um 1910. Ísinn var sagaður í blokkir, hæfilega stórar sem draga mátti inn í einangraðan klefa íshússins. Reglulega lagaðar ísblokkir rímuðust vel. Kalsamt verk unnið í vetrarhörkum. (Mynd frá Nasjonalbiblioteket; e. Dybdahl).*

## Síldveiðar Haukdæla

„Um og eftir 1890 var víða beitt síld á Vestfjörðum, en að vísu lítið fyrsta kastið“, skrifaði Lúðvík Kristjánsson. Arnfirðingar veiddu síld í kastnót og á Bíldudal var stofnað „Hið arnfirzka síldveiðifélag“ til þess „að afla beitusíldar fyrir skip og báta Arnfirðinga.“<sup>112</sup> Í Dýrafjörð gekk oft mikil síld, eins og fyrr var nefnt, og reynt hafði verið að veiða í lagnet árið 1880. Hvort fordæmi Arnfirðinga hafði hvatt Dýrfirðinga til framtaks vitum við ekki.

Heimildir um síldveiðar í tengslum við Íshúsið í Haukadal eru fáar nema munnmæli og áðurnefnd auglýsing Ísgeymslufélags Dýrfirðinga frá árinu 1901. Þar segir að félagið hafi „fullkominn nótaútvæg og æfðan síldarveiðaformann“. Nótaveiðar hófu Haukdælir sumarið 1898 skv. skýrslu Bjarna Sæmundssonar sem áður hefur verið vitnað til.

Hver síldarveiðaformaðurinn var vitum við ekki; ef til vill Elías G. Arnbjörnsson í Sæbóli, sem titlaður var íshússtjóri. Hann var einn þeirra hús-

og þurrabúðarmanna í Haukadal, sem taldir eru í sóknarmannatali á þessum árum. Þeim heimilum fjölgaði næstu árin og voru orðin sex í árslok 1894. Þá var atvinna vaxandi í Haukadal, Matthías Ólafsson búinn að stofna barnaskólann sinn og landnótaveiðar á síld til beitu á Dýrafirði líklega að koma til sögunnar samkvæmt skýrslu Bjarna Sæmundssonar um árið 1901, sem áður var nefnd.

Landnótaveiðar á síld er tækni sem Íslendingar, fyrst Austfirðingar, lærðu af Norðmönnum á ofanverðri níttjándu öld. Norðmenn höfðu þá um meira en aldar skeið stundað nótaveiðar á síld og þróað tækni við hana.<sup>113</sup>

Við landnótaveiðarnar voru notaðar hampnætur með korkateini og steinateini. Stærð þeirra var misjöfn en hlutföll lengdar og dýptar gjarnan 10:1. Á bátum var nótinni róið út og síldartorfan umkringd. Nótin er síðan dregin hægt að landi og tekið til við að háfa síldina upp til söltunar eða annarrar verkunar. Öflugan mannafla og hentuga báta þurfti til verksins sem ekki virðist hafa verið léttaverk, ekki síst ef veður og sjólag voru ekki hagstæð. Í nótinni virðist hafa verið hægt að halda síldinni lifandi um nokkurn tíma sem kom sér vel við takmörkuð afköst við úrvinnslu hennar, eins og haft var eftir Kristjáni Guðmundssyni hér að framan. Líka gat þurft að láta síldina melta átu sína en það bætti gæði hennar til muna.<sup>114</sup>

Svo er að sjá að nokkur líkindi hafi verið með þessu verklagi og fiskeldi í kvíum á innfjörðum eins og Norðmenn þróuðu það um það bil einni öld síðar. Töluvert verk virðist hafa verið að hirða næturnar og að halda þeim við, sem og að geyma þær. Þær voru þurrkaðar á hesjum: „Það var erfitt verk að hesja rennandi blauta og þarasleyjaða nót“, skrifaði Ragnar

<sup>113</sup> Dybdahl, Audun: *Med angel og not*. Trondheim. Museumsforlaget, 2018, 157-165.

<sup>114</sup> Sama heimild, 157.

<sup>112</sup> Lúðvík Kristjánsson: *Íslenskir sjávarhættir* 4. (1985), 101.



A. Þorsteinsson sem lýst hefur landnótaveiðum rækilega.<sup>115</sup> Hér var stuðst við lýsingu hans.

Ekki er vitað með vissu hvenær ístaka á Seftjörn lagðist af. Þó virðist mega ætla að hún hafi staðið í meira en tvo áratugi, það er fram yfir fyrra stríðið en þá breyttust ýmsir atvinnuhættir þjóðarinnar. Íshúsið var tekið ofan og flutt til Þingeyrar „og er nú orðið hraðfrystihús“, var skrifað árið 1951.<sup>116</sup> Á Þingeyri mun ístöku hafa verið haldið eitthvað áfram, áður en ný kælitækni, hraðfrystingin, kom til sögu. Nafn dvalarheimilisins Tjarnar á Þingeyri mun þannig vera dregið af tjörninni sem var mynduð þar skammt undan með uppistöðu í læk er féll fram ofan úr hlíðinni. Á tjörninni varð ísinn til sem tekinn var í Íshúsið.<sup>117</sup>

## Minjar um Íshúsið

Hvernig leit Íshúsið í Haukadal út? Heimildir um gerð Íshússins eru rýrar. Til er ljósmynd af byggðinni í Haukadal frá því um 1920 en á henni má sjá bygginguna. Af samanburði við önnur hús í Haukadal, m.a. hús sem standa enn í dag, svo sem *Barnaskólann* og bæjarhúsin á *Vésteinsholti*, *Höll* og *Miðbæ* má ráða að Íshúsið hefur verið mikil bygging. Því má álykta á þá lund að vinnsla og sala á ís og beitu til skipa hafi þótt ábatasöm og því réttlætt allnokkra fjárfestingu.

Leifar af steypnum grunni Íshússins má enn sjá í innri enda Seftjarnar, eins og fyrr sagði. Sé það rétt að Íshúsið hafi verið byggt fyrir aldamótin 1900 er grunnur þess því með elstu minjum steinsteyptra mannvirkja í Þingeyrarhreppi, jafnvel þó að steinsteyppti hluti grunnsins hafi verið gerður fáum árum síðar.

<sup>115</sup> Ragnar A. Þorsteinsson: „Undir þungum árum“. *Frjáls verzlun* 21 (1961), 27-33.

<sup>116</sup> Kristján Þorvaldsson: *Árbók MCMLI Vestur-Ísafjarðarsýsla*. Ferðafélag Íslands, 1951, 128.

<sup>117</sup> Hér rifjar skrifarinn upp að í uppvexti hans var alltaf talað um *Íshúsið* á Þingeyri þótt komin væri vélknúin frysting. Líklega var það í kringum 1960 sem heitið *Frystihús* eða *Hraðfrystihús* leystu *Íshúss*-heitið af hólmi.



*Frá Haukadal um 1920. Íshúsið sést sem þakbrött bygging, ljós á lit, næst til hægri á myndinni. Árholtbæinn ber í Íshúsið og rétt handan þess sést auður hluti Seftjarnar sem töluvert vatn virðist hafa verið í þá. (Myndina á Vésteinn Jónsson frá Vésteinsholti).*

Þann 21. júlí 2023 skoðaði ég grunn Íshússins sem enn má sjá glöggar minjar um við innri enda Seftjarnar. Grunnurinn er að hluta úr steinsteypu en að hluta grjóthlaðinn eins og nánar er lýst á meðfylgjandi myndum og í texta með þeim. Steyppti hlutinn stendur út í tjörnina sem á síðustu áratugum hefur þar fyllst af gróðri.<sup>118</sup>




*Bátar á kambi í Haukadal veturinn 1961.*

<sup>118</sup> Kristín Jónsdóttir frá Vésteinsholti í tölvupósti til BG 13. ágúst 2024.



*Grunnur Íshússins í Haukadal sumarið 2023. Til hægri sér í innsta hluta Seftjarnar og undir brekkunni sem myndin er tekin úr er lækur sem féll úr tjörninni.*



*Grunnur Íshússins í Haukadal; lauslegur uppdráttur. Allur er grunnurinn  $18,9 \times 18,1 = 342 \text{ m}^2$ . A-hlutinn með steinsteypum grunnveggjum út að Tjörninni stendur lágt, eiginlega í tjarnarvatninu. Dyr hafa verið uppeftir (NV) og sennilega einnig fram til dalsins (SA). B-hlutinn er fast að einum metra hærri en A-hluti og eru grjóthleðslur í*

*brúnum hans. Á milli A- og B-hlutanna virðist hafa verið grjóttveggur, u.þ.b. 90 cm þykkur, mældur þar sem hann sést best, við enda steinveggjarins, vesturhlidinni.*

*Guðmundur Gíslason Hagalín segir bygginguna hafa verið bárujárnsklædda: „Bætt hafði verið á þann hátt við hið upphaflega íshús, að reistur hafði verið við þá hlið þess, sem vissi út að Seftjörninni, skúr einn mikil [með hallandi þaki]. Hann var jafnlangur húsinu og mjög breiður.“ Lýsti Hagalín leikjum drengja við að hlaupa af skúrnum upp á hallandi þak íshússins í keppni um hver kæmist hæst upp á það.<sup>119</sup>*

Ekki er gerð Íshússins augljós af Haukadalsmyndinni gömlu, sjá hér framar. Bæði myndin sem og mál grunnsins sýna að um hefur verið að ræða mikla og reisulega byggingu. Svo virðist sem rismikið hús hafi staðið á innri hluta grunnsins; líklega bárujárnsklædd timburgrind á steinhlöðnum grunninum. Má vera að það hús hafi verið byggt á öðrum tíma (síðar) en húsið á grunninum A, sjá teikningu, og frásögn Kristjáns Guðmundssonar hér að framan. Húsið gæti

<sup>119</sup> Guðmundur Gíslason Hagalín: *Sjö voru sólar á lofti* (1952), 96.



*Aberandi brún er á steinsteyptum grunninum. Klæðning hússins hefur sennilega verið felld utan á þá brún til þéttingar hugsanlega á tvöföldum vegg. Sjá má bil í grunnmúrnum þar sem dyr hafa verið, bæði til hægri og fram til dalsins. Líklegt er að síðarnefnda bilið hafi verið dyrnar sem ísinn var tekinn inn um því vatn tjarnarinnar nær þar fast upp að gasfli.*

hafa verið 10,7 m á breidd en 18,9 m langt – u.þ.b. 200 m<sup>2</sup>. Mun lægra þak virðist hafa verið á ytri hlutanum, sem bætt var við síðar, sbr. frásögn Guðmundar Hagalíns. Hann var ein hæð. Veggir hans hafa líklega einnig verið einangraðir að einhverju marki. Ef til vill var það klefi með flötu þaki; 7,4 m á breidd og 11,1 m á lengd – 82 m<sup>2</sup>. Hvort hinn hlutinn, sem nær sjónum var, hafi fylgt sama formi verður ekki fullyrt, en hann hefur verið 7,4 x 6,9 = 51 m<sup>2</sup>. Gólf skúrhlutans var lægra en gólf stóra hússins. Fáir, ef nokkur, er lengur til frásagnar um nýtingu byggingarinnar.

Annar heimildarmaður minn, Kristján Gunnarsson frá Miðbæ, kom í Haukadal þriggja ára gamall, árið 1952. Hann mundi vel eftir járnbrautarteinnum sem lágu eftir Kambinum á milli Íshússins og húsanna við ytri enda Tjarnarinnar og bryggjunnar sem þar var. Hefur það verið um 340 m vegalengd.

Snúningspallur fyrir flutningavagnana var á hvorum enda brautarinnar: Inni við Íshúsið og að utanverðu þar sem leiðir greindust fram á bryggju annars vegar en í húsin hins vegar. Teinarnir voru teknir upp fyrir miðjan sjötta áratuginn. Hjörleifur Guðmundsson bóndi á Húsatúni hlutaði þá niður í girðingarstaura, sem enn má finna dæmi um þar í dalnum.<sup>120</sup>

Skammt undan innra horni (suðurhorni) Íshússins fellur lækur úr Tjörninni, væntanlega sá sem stemmdur var til þess að fá góðan tökuís. Lækurinn hefur vart verið meira en svo sem tveir metrar á breidd þannig að auðvelt hefur verið að stemma hann og stilla hæð vatnsins í Seftjörn. Það skipti máli fyrir gæði íssins eins og áður sagði. Misfellur í brekkunni framan við og upp af læknum benda til þess að þar hafi vegur legið í sneiðingi upp á Þorgrímsholtið og heim í átt til bæja.



*Stækkuð ljósmynd af Íshúsinu og fyrir neðan ímyndað útlit, þó þannig að dyrum á gasfli er óljóst hvernig komið var fyrir.*

<sup>120</sup> Kristján Gunnarsson frá Miðbæ í samtali við BG 21. júlí 2023. Kristján greindi þá einnig frá því hvernig heyskap var hagað síðustu árin sem Seftjörn var nýtt í því skyni.

Seftjörn gaf hráefnið til reksturs Íshússins í Haukadal. Störin í henni var slegin fram á sjötta áratug síðustu aldar. Eftir vatnshæð var ýmist slegið á þurru eða í leirnum, sem erfitt var. Heyið var flutt upp á Brúarholtið eða upp á Kambinn þar sem það þornaði án mikillar fyrirhafnar. Þótti störin mikið gott fóður fyrir allar skepnur. Við slátt var Seftjörninni deilt í hluta: Hallarmenn áttu innri hlutann en sá ytri skiptist á milli Miðbæjar, Ystabæjar og Húsatúns. Hafi Seftjörninn öll, sem er um 2 hektarar að stærð, verið slegin má gera ráð fyrir að af henni hafi fengist einir 70-80 [?] hestburðir af þurru útheyi.

### Íshúsið – mikilvægt fyrirtæki

Ljóst er að Íshúsið í Haukadal og að síldveiðarnar – með ís- og beitusölu – hafa um aldamótin 1900 eftir atvinnu og mannlíf í Haukadal svo þorpseinkenni byggðarinnar styrktust til muna. Blómaskeið Íshússins í Haukadal stóð fyrstu tvo áratugi síðustu aldar. Það vék fyrir þungum straumi tímans. Ný þekking og breyttir verkhættir komu til sögu. Til sjávarins tóku menn véla-aflið í þjónustu sína. Það og fleira breytti sjósókn og veiðiháttum. Íshúsataeknin þróaðist og varð að vélvæddri hraðfrystingu. Ekki þurfti lengur að treysta á hvikul náttúruleg skilyrði við að tryggja geymslu beitu og afla. Athyglisverð nýsköpun atvinnulífs í Haukadal um aldamótin 1900 varð að sögu sem nú sjást fá merki um. Íshúsgrunnurinn þar í brún Seftjarnar er þó eitt þeirra. Hann hefur með undraverðum hætti staðist tímans tönn í meira en fimm aldarfjórðunga; minnir okkur á löngu horfna nýsköpunartíð í Haukadal.

## Guðmundarbúð og útgerð Jóhanns Jónssonar

„Opin búð í Haukadal“ er orðtæki sem ég óx upp við. Það var notað til þess að minna mann smáan á að buxnaklaufin væri opin. Ég hef velt fyrir mér hvað vakti orðtækið, sem mér við lauslega athugun sýnist að lítt eða ekki hafi verið þekkt utan sveitarinnar. Má vera að það hafi verið vegna þess nýnæmis sem verslun í Haukadal var, ellegar vegna þess hve margar þær urðu. Þær urðu víst ekki færri en þrjár þar af tvær sem störfuðu samtímis: Áðurnefnd verslun Matthíasar Ólafssonar og verslun Guðmundar Kristjánssonar sem brátt verður vikið að. Frá þriðju versluninni sagði Ottó frá Svalvogum m.a.:

Þegar Matthías Ólafsson fór úr Haukadal (1914) ... kom þangað Bent Bjarnason frá Reykhólum og hóf verslun í smáum stíl. Bent var vinsæll maður, hjálpsamur og áreiðanlegur í öllum viðskiptum. En hann verslaði því miður aðeins fá ár í dalnum.<sup>121</sup>

Mikið meira er nú ekki vitað um verslun Bents, sem einnig var símsstjóri í Haukadal. Kjartan Ólafsson telur Bent hafa rekið verslun sína árin 1916-1926; þau ár var hann a.m.k. skráður kaupmaður í sóknarmannatölum. Hús Bents stóð næst framan (suðvestan) við Barnaskólann.

Guðmundur hét maður Kristjánsson, fæddur 1871, gjarnan kenndur við Haukadal. Foreldrar hans voru Kristján Össurarson frá Sveinseyri og Ragnheiður Pétursdóttir á Söndum. Þrátt fyrir erfið kjör í æsku braust Guðmundur til þroska, varð framtakssamur og fékkst við margt sem á þeim tíma þótti nýstárlegt, einkum tengt sjósókn og viðskiptum, og hann oft kallaður skipamiðlari.<sup>122</sup> Ungur var hann með

121 Ottó Þorvaldsson: *Svalvogar* (1980), 78.

122 Sjá grein Guðmundar Vésteinssonar um Guðmund í *Morgunblaðinu* 22. desember 1999. Einnig grein Kristjáns Sig.



*Frá Haukadal við Dýrafjörð: Yst til vinstri á myndinni glittir í verslunarhús Guðmundar Kristjánssonar á fjörukambinum. Verslunar- og íbúðarhús Matthíasar Ólafssonar stendur þar innar aðeins til hægri við miðja mynd. Höll og Miðbær í forgrunni myndar. Skip, líklega mörg erlend, liggja frammi á Haukadalsbót. (Einkasafn)*

erlendum sjómönnum sem áttu viðskipti við Haukdæli. Þar spratt upp verslun og önnur þjónusta við hina erlendu sæfara. Eftir að hafa stundað sjómennsku um nokkurt skeið á tvítugs- og þrítugsaldri virðist Guðmundur hafa séð möguleika í þeim viðskiptum því hann sneri aftur heim í Haukadal. Þar kvæntist hann haustið 1904 Sigríði Guðmundsdóttur frá Höll. Fljótlega eftir það, taldi móðir mín<sup>123</sup>, að Guðmundur hafi ráðist í að reisa verslunarhús í Haukadal. Var því valinn staður á fjörukambinum fyrir utan og neðan Húsatún. Þar stóð það yst húsa í Haukadal og yst á því svæði sem skilgreint var sem verslunarlóð í dalnum, sjá áður skrifað.

Verslunarhús Guðmundar, sem brátt mun hafa verið nefnt Guðmundarbúð, var hið reisulegasta og bar vott um að efni hans hafi þá verið orðin nokkur. Sérstætt er að húsið var reist úr steinsteypu, sem um þær mundir – rétt upp úr aldamótunum 1900 – taldist nýlunda. Húsið var ferningur að lögun grunnflatar, hæð og loft. Tveir allstórir gluggar sneru inn í dalinn og tveir út að sjónum. Efri hliðin mun hafa verið

gluggalaus. Á innri gaflí hússins mótaði lengi fyrir stöfunum: *Verslun Guðmundar Kristjánssonar*.<sup>124</sup>

Ekki mun Guðmundur hafa rekið búðina lengi því; „verslunin bar sig ekki“, skrifaði Guðmundur Hagalín.<sup>125</sup> Um 1910 hurfu þau hjónin úr Haukadal og héldu suður þar sem Guðmundur sneri sér að öðrum verkefnum. Myndarlegt verslunarhúsið stóð eftir, ónotað.

Árið 1906 var kvenfélagið Hugrún stofnað í Haukadal. Í fyrstu hafði félagið enga eigin aðstöðu til félagsstarfs. Guðmundarbúð virðist hafa verið á lausu því fljótlega fékk félagið inni þar með skemmtanir sínar uns það tók í notkun eigin húsnæði, Samkomuhúsið í Haukadal, sem reist var árið 1936. Síðan sagði móðir mín:


„Í búðinni niðri var salur, gangur með efri hlið og kontór þar fyrir enda [eins og lauslegt meðfylgjandi riss sýnir]. Fyrir enda gangsins, við kontórduyr, var stigi upp á loftið, en þar var húsnæðið undir súð.

Kristjánssonar í *Vísi* 12. apríl 1948.

123 Ásdís Bjarnadóttir á Kirkjubóli í Dýrafirði í samtali við BG 26. apríl 1985.

124 Hér er byggt á frásögn systkinanna frá Vésteinsholti í Haukadal og Guðmundu Þorleifsdóttur, frænku þeirra, í bréfi KJ til BG 16. febrúar 2021.

125 Guðmundur Gíslason Hagalín: *Sjö voru sólar á lofti* (1952), 9.



*Mjög lauslegt riss eftir lýsingu Ásdísar Bjarnadóttur af innréttingum á hvorri hæð Guðmundarbúðar á þeirri tíð er kvenfélagið Hugrún fékk að nýta húsið til skemmtana sinna.*

Elínborg Jónsdóttir í Höll [svilkona Guðmundar] mun einhvern tíma hafa leitað eftir því við Guðmund, að Kvenfélagið fengi búðarhúsið til kaups. Það fékkst ekki.

Í húsinu voru haldin jólatré og aðrar skemmtanir [Ath. að málvenja er á þessum slóðum að kalla jólatrésskemmtun aðeins jólatré]. Þarna voru ennfremur færð upp leikrit, og sviði komið fyrir, sjá riss – þetta allt á vegum kvenfélagsins. Þarna voru líka haldnir dansleikir.

Það þótti langt að fara með gömlu konurnar í Haukadal alla leið út í Guðmundarbúð, því alltaf sóttu þær skemmtanir, þær Þórdís í Árholti, Guðbjörg í Sæbóli, móðir Kristins Elíassonar, Elínborg í Höll, Jóhanna í Yztabæ, móðursystir Ólafs Hákonarsonar og Guðfinna á Húsatúni, móðir Siggu Kótu [Sigríðar Katrínar], kona Jóns Þorgeirssonar.

Þegar skemmtanir voru haldnar var kaffisala á loftinu yfir samkomusalnum.<sup>4126</sup>

Bergljót Bjarnadóttir frá Brautarholti í Haukadal hefur lýst mannlífi þar á fyrri hluta tuttugustu aldar. Hún var fædd á Flateyri árið 1910 og ólst þar upp til níu ára aldurs, missti þá föður sinn og varð að fara í burtu frá móður sinni, að Haukadal í Dýrafirði. Þar ólst hún upp og giftist árið 1928 Helga Pálssyni, er m.a. var kennari þar um tíma. Bergljót sagði m.a.:

„Það var fyrir 1932, þá var gamalt verslunarhús í Haukadal sem við lékum í. Við bjuggum til svið úr skúffunum. Í gömlu búðunum voru stórar matarskúffur undir matvörur og allt og við bjuggum til svið úr því og tjölduðum svo af leiksviðið. Þar lékum við Ærsladrósina og Sótara. Þetta voru náttúrlega stutt leikrit en það var töluverður söngur í þessum leikritum og það var alltaf spilað undir á orgel. Það var alveg agalega gaman. Þarna var dansað líka, þetta var svo stórt pláss. Þetta var áður en kvenfélagshúsið var byggt. Ég man eftir því einu sinni að við vorum að taka í sundur gólfíð undan sviðinu og strákarnir mínir voru að hlaupa þar og Bjarni heitinn [Helgason, síðar skípherra hjá Landhelgisgæslunni] sporðreisti einni skúffunni og skar sig hérna undir hökunnunni og hann bar þess merki þegar hann dó. Það var ógurlega gaman að leika þar. Það var svo mikið svigrúm. Það hafði verið skrifstofa sem var annars vegar við búðina og það gátum við haft til þess að athafna okkur í. Það voru tröppur úr henni og upp á sviðið. Svo bara tjölduðum við af með allavegana tjöldum sem við bjuggum til. Við keyptum léreft og bjuggum til tjöld. Svo var aðallega eftir að samkomuhúsið kom upp að við fórum að leika þar og þar æfðum við kórana og allt. Þetta var alveg ljómandi gaman. Þetta gamla hús var notað áður en kvenfélagshúsið var byggt svo brann það og þá féll öll starfsemi niður þangað til kvenfélagshúsið komst upp. Ég held að það hafi verið svona tvö eða þrjú ár, ekki var það nú meira. Það voru engar aðrar samkomur í þessu húsi nema við fengum stundum að hafa þar dansleiki, Haukdælingar. Það var ekkert auglýst. Það var bara

126 Skráð eftir frásögn Ásdísar Bjarnadóttur á Kirkjubóli 26. apríl 1985.

fólkið úr plássinu. Það var haft fyrir verbúð og net voru geymd uppi á loftinu. Þetta var svo gríðarlega stórt hús. Guðmundur heitinn skipamiðlari átti þetta hús og verslaði þar fyrir mörgum mörgum árum, löngu áður en ég kom þangað.<sup>127</sup>

### Og móðir mín hélt áfram:

„Guðmundur Kristjánsson seldi Jóhanni Jónssyni, Þórarinssonar í Hvammi, verslunarhúsið fyrir verbúð, er hann hóf útgerð í Haukadal. Sjómenn höfðu þar viðlegu og beitningamenn. Hann byggði tvö hús á Kambinum í Haukadal, salthús og fiskhús, sem stóð á kambinum innan við lækinn. Þá voru fiskreitir inn Kambinn. Þarna höfðu konurnar vinnu – vaskað var úti. Holtakonurnar [Vésteinsholt, Brautarholt, Árholti] unnu í þessu, þær Matthildur, kona Jóns Pálssonar í Brautarholti, Guðríður í Sæbólí, Daðína Guðjónsdóttir, Halldóra Gestsdóttir og Ólavía Markúsdóttir en þær síðasttöldu fluttu úr Keldudal til þess að stunda vinnu í Haukadal, og loks Elínborg Guðjónsdóttir á Vésteinsholti. Jóhann leigði húsnæði í Höll en borðaði á Vésteinsholti. Hann gerði út tvo báta og hét annar þeirra Geysir [hugsanlega hét hinn *Freyja*<sup>128</sup>]. Þetta var á vorvertíð. Atvinna þessi þótti aldeilis upplyfting fyrir þorpið, en verðfall varð á fiskinum í þennan mund og Jóhann stóðst ekki það efnahagsáfall.“

### Bæta má við minningum Vésteinsholtssystkina og Guðmundu Þorleifsdóttur frá Árholti, m.a.:

„Fiskreitirnir . . . voru . . . inn allan kambinn . . . Man þá vel, kamburinn var einsog hellulagður með fallega lúnu fjörugrjóti. Gaman að stikla á því. Næst Seftjörninni voru teinar sem vagnar gengu eftir með fiskinn. Leifar af einum slíkum voru

lengi við lækinn og fyrst gátum við hreyft hann og skemmt okkur með hann en tíminn vann sitt verk . . . [Guðmunda minnst þess] þegar amma og afi [Elínborg Guðmundsdóttir og Guðjón Þorgeirsson] bjuggu í Árholti, að amma sendi hana með kaffi í flöskum sem láttnar voru í tvo ullarsokka hvor með bandi á milli og hengt um hálsinn á henni. Kaffið átti að ylja Jóhönnu, mömmu hennar, sem stóð í vaskinu.<sup>129</sup>

### Hér má bæta við eftir systkinunum frá Höll, Guðmundi Pétri, Gunnari og Sigríði Jónsbörnum [Guðmundssonar], sem ég ræddi við 14. maí 1985:

„Útgerð í Haukadal í umsjá Jóhanns Jónssonar hafði aðstöðu í Guðmundarbúð, en þar var verbúð. Jóhann keypti fisk af bátum, sem lögðu upp í Haukadal. Þar var bryggjustúfur, sem jafnvel línuveiðarar, s.s. Fróði [?], lögðu að, en stóðu þar um fjöru á þurru. Frá Haukadal voru víst í þann tíð flest gerðir út fimm bátar, m.a. einn undir skipstjórn Valdimars Kristinssonar á Núpi. Gunnar Jónsson í Höll telur, að hefði Jóhann Jónsson haldið út fram í stríðið, að fiskafurðir tóku mjög að hækka í verði eftir krepputíma fjórða áratugarins, hefðu allar líkur verið á að Jóhann hefði komið fótunum undir sig og Haukadalur getað risið sem öflugur útgerðarstaður.“

Blaðafregn frá árinu 1934 styrkir frásögn Hallarsytkina: „Ungur útgerðarmaður, Jóhann Jónsson fra Hvammi, sem hefir flutt aðsetur sitt að Haukadal, gerir út tvo báta þaðan. Annar þeirra er nýlega keyptur. Hann hefir látið reisa þar tvö fisk- og stöðvarhús og bryggju sem bátarnir geta legið við.“<sup>130</sup>

127 [sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=542084&fbclid=IwAR1jh4NifBgPx918Q1OcHfuijYwMxbEKxnISnHn\\_PghsPA4Q6CcmCth-VP0](http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=542084&fbclid=IwAR1jh4NifBgPx918Q1OcHfuijYwMxbEKxnISnHn_PghsPA4Q6CcmCth-VP0)

128 Í bréfi Kristínar Jónsdóttur til BG 16. febrúar 2021.

129 Bréf Kristínar Jónsdóttur til BG 16. febrúar 2021.

130 *Vísir* 15. desember 1934.

En ólán sótti að og móðir mín hélt sögu sinni áfram:

„Dag einn voru karlarnir að þurrka net við olíuofn í Guðmundarbúð, og varð þá eldur laus, svo húsið brann, svo aðeins steintóftin stóð eftir. Búðin var að innan klædd með fallegum panelviði. Guðmundur mun hafa séð eftir öllu saman, að hafa ekki látið kvenfélagið hafa húsið. . . Er þetta gerðist var Jóhann Jónsson ungur. Hann var mesti gæðamaður, þótt kæmi hann einkennilega fyrir. Hann giftist aldrei. Hann leigði sér síðar herbergi á Þingeyri og hafði kost í Bakaríinu.“



*Jóhann Jónsson frá Hvammi stundaði útgerð og fiskvinnslu í Haukadal á fjórða áratug síðustu aldar. Eldsvoði í verbúð hans (Guðmundarbúð) batt endi á þá starfsemi. Segja má að þar með hafi lokið umfangsmeiri fiskvinnslu í Haukadal þótt áfram sæktu menn þaðan sjó fram á sjötta áratuginn. (Einkasafn)*

Í blaðafregn hermir að bruninn hafi orðið 5. október 1936. Segir þar að verbúð Jóhanns Jónssonar í Haukadal hafi brunnið og „töluvert af veiðarfærum“; verðmætin þó tryggð.<sup>131</sup> Að vísu segir þar að um timburhús hafi verið að ræða. Líklega gætir þar misskilnings, að hið rétta hafi verið að verbúðin hafi aðeins verið timburklædd að innan.

<sup>131</sup> *Vesturland*, (40), 10. október 1940.

Undra fáar heimildir eru um starfsemi Jóhanns Jónssonar í Haukadal. Annars vegar gerði hann út einn eða fleiri smærri báta og hins vegar mun hann hafa keypt fisk af öðrum til verkunar. Gera má ráð fyrir að fyrirtæki Jóhanns hafi skapað atvinnu. Má vera að þar hafi legið helsta ástæðan fyrir stofnun félagsdeildar Verkalýðsfélagsins Brynju á Þingeyri í Haukadal 21. janúar 1936 „að ósk verkamanna og sjómanna þar. Er nú víðast svo komið, að verkafólk sér strax þörf á stéttarfélagsskap, þar sem nokkur útgerð og eyrarvinna er í gangi.“<sup>132</sup> Misjafnt var gengi útgerðar Jóhanns. Af vetrarvertíð í Dýrafirði 1937, sagði m.a.: „Vetraraflí þar er nú sama og enginn, eitthvað um 7 [smálestir] á bát Jóhanns í Haukadal. Línuveiðagufubátarnir frá Þingeyri hafa lagt upp fisk sinn í Hafnarfirði í vetur.“<sup>133</sup> Ný tækni við sjósókn var komin til. Á vorvertíð 1938 reru „2-3 smábátar úr Haukadal. Afli á þessa báta hefir verið tregur“ sagði í *Skutli* 14. ágúst 1938. Það var svo á Þorláksmessu 1938 að bátur úr eigu Jóhanns, Reginn hét sá, sökk undan Öndverðarnesi eftir vélarbílun. Þriggja manna áhöfn var bjargað um borð í Dettifoss. „Þetta var lítill vélbátur með þilfari og var á leið hingað til Reykjavíkur, hafði verið keyptur hingað“, sagði í blaðafregn.<sup>134</sup> Um þær mundir virðist hafa verið komið að sólsetri í útgerð og fiskvinnslu Jóhanns í Haukadal.

Fyrirtæki Jóhanns Jónssonar var tilraun til þess að efla aftur atvinnurekstur í Haukadal, sem þá hafði lítill verið utan hefðbundins landbúnaðar í hátt á annan áratug. Eftir aðeins tveggja ára rekstur batt eldsvoðinn endi á rekstur Jóhanns. Síðan hefur ekki verið gerð önnur tilraun til útgerðar og fiskvinnslu í Haukadal þótt þaðan hafi verið róíð til fiskjar lengi fram eftir síðustu öldinni.

Eftir brunann stóð gapandi steintóft Guðmundarbúðar þarna á fjörükambinum um árabíl. Man ég að

<sup>132</sup> *Skutull* 31. janúar 1936.

<sup>133</sup> *Ægir* 30 (1937), 106.

<sup>134</sup> *Vísir* 27. desember 1938.



okkur krökkunum stóð nokkur ógn af henni þegar tók að skyggja og við vorum að leik í fjörinni þar fyrir neðan. Frásagnir af draugum, einkum þó henni Gunnhildi<sup>135</sup>, mögnuðust upp í hugum okkar, svo við reyndum að halda okkur í hæfilegri fjarlægð. Gunnhildur var talin eiga athvarf í Guðmundarbúð, en þegar búðin brann á hún að hafa flutt sig í nýbyggt samkomuhús kvenfélagsins. Ólafía Jónsdóttir á Sveinseyri taldi sig hafa heyrt Gunnhildi sparka í hurðina þar er hún átti leið hjá húsinu.<sup>136</sup>

Loks gerðist það að Valdimar bóndi á Húsatúni Þórarinsson, tók sig til í kringum 1960 og setti þak á tóft Guðmundarbúðar og breytti henni í snoturt fjárhús, sem mun við það hafa fengið heitið *Nýborg*. Mig minnir að spengja hafi þurft steintóftina með járnteinum; ef til vill hefur hún sprungið við eldinn á sínum tíma. Ef til vill bara afelli. Í húsinu ól Valdimar fé í allnokkra vetur. Loks lauk notkun þess og húsið var jafnað við jörðu svo nú sér þess ekki lengur stað.

## Barnaskólinn síðari

Með lögum um barnafræðslu í byrjun síðustu aldar hófst hreyfing í þá átt að koma upp „fræðsluskýlum“ – húsnaði sem hentaði til kennslu. Í ljósi þess sem og með hliðsjón af barnafjölda á *Útveitinni* í Þingeyrarhreppi var ráðist í það að koma upp barnaskólum, annars vegar í Keldudal, árið 1911, og hins vegar í Haukadal, árið 1912. Á Þingeyri hafði sveitarfélagið reist skólahús árið 1908. Öll þessi hús standa enn „að viðum og veggjum“ (2024). Hér verður stuttlega sagt frá Barnaskólanum í Haukadal.

Skólahúsinu var valinn staður við götuna frá Sæbóli niður að sjónum. Þannig átti húsið sinn þátt í að móta

135 Kjartan Ólafsson: *Firðir og fólk 900-1900* (1999), 114-115.

136 Sama heimild.



*Í Haukadal veturinn 1961. Barnaskólinn næst t.v. og þá Samkomuhúsið. Geymsluhús Vésteinsholts t.h.*




*Götumyndin þegar horft er til dalsins. Samkomuhús kvenfélagsins Hugrúnar t.h. og þá Barnaskólahúsið. Fyrir enda götunnar er Sæból en geymsluhús Vésteinsholtsbónda er horfið; Vésteinsholt lengst t.v. (Ljósmynd: Ágúst Guðmundsson).*

drög að götumynd sem setti dálítinn þéttbýlisbrag á byggðina. Skólahúsið var reist eftir teikningu Rögnvaldar Ólafssonar húsameistara.

Húsið er steinsteypt og var stílhrein og snotur bygging. Við endurgerð þess fyrir fáum árum til sumarnota hefur tekist býsna vel að varðveita upphaflegan stíl byggingarinnar.

Meginrými hússins var kennslustofa, sem naut birtu frá stórum gluggum á innri hlið þess. Eins konar útbýgging var við gafl aðalhússins, þann er að sjónum vissi. Þar var anddyri að innanverðu en kamar að utanverðu. Úr anddyrinu var komið inn í dálítinn forsal, þar sem nemendur gátu verið í frímínútum ef



ekki gaf út. Á móti honum aðskilið með gluggavegg var skonsa ætluð til geymslu bóka og kennslugagna, sennilega einnig ætluð kennaranum sem afdrep. Í kjallara undir forsalnum var grunnur kjallari þar sem eldsneytið, kol o.fl. var geymt. Kynding skólahússins var aðeins ofninn stóri í kennslustofunni. Rissið hér að ofan gefur hugmynd um skipan skólahússins.

Skólastarfið mótaðist lengi af farskólastílnum: Kennt var til skiptis í Haukadale og í Keldudale. Að því kom að ekki var lengur grundvöllur fyrir skólahaldi í Keldudale sakir barnafæðar þar ytra var tekið að kenna samfellt í Haukadale. Heimildarmaður sem naut barnafræðslu á farskólaárunum skrifaði minningar sínar um hana sem grípa má setningar úr:

Skólinn byrjaði alltaf um veturnætur á hverju hausti. Ég held að kennslan hafi alltaf byrjað í Haukadale. En Leifi [Þorleifur Eggertsson] kom alltaf úteftir og setti okkur fyrir, svo að námið hjá okkur hófst í reynd á sama tíma. Í raun og veru hófst nám hjá börnum á þessum árum miklu fyrir heldur en þau hófu skólagönguna, því að það var ætlast til

þess að þau kæmu læs og helst eitthvað skrifandi í skólann 10 ára gömul. Það hefur sjálfsagt gengið misjafnlega með að framkvæma það. En á þeim tíma húsvitjuðu prestarnir og reyndu að fylgjast með þeirri framkvæmd. Það var mikil kvöl og þína að eiga von á þeirri yfirhalningu á hverjum vetri á 7, 8 og 9 ára aldrinum . . . Þessi farskólakennsla var áreiðanlega mjög gott fyrirkomulag á þessum árum og þjónaði vel sínum tilgangi. . .<sup>137</sup>

Barnaskólinn í Haukadale var fastur punktur í byggðinni í meira en hálföld, 1912-1966. Flest þau ár starfaði skólinn en fyrir kom að hann féll niður sakir barnafæðar eða þá að ekki tókst að útvega kennar.

Í kringum barnaskólann var líf. Árla dags, vel fyrir skólabyrjun hvers skóladags, kom einhver úr grenndinni, til þess ráðinn, og lagði eld í ofninn svo yllur væri í kennslustofunni þegar kennarinn og börnin mættu til sinna starfa. Kannski kveikti hann um leið á Alladin-olíulampanum sem bregða skyldi birtu um stofuna, svo kennaranum væri nóg að skara upp í honum þegar hann kæmi.

Þótt á vissum tímasteiðum væri kennarinn heimamaður í Haukadale, svo sem þeir Þorleifur Eggertsson í Árholti og Helgi Pálsson í Brautarholti, voru margir kennararnir aðkomumenn (karlar og konur): frá Þingeyri, norðan frá Djúpi, austan úr Hreppum og úr Þingeyjarsýslum, sunnan úr Reykjavík og víðar. Nokkrir kenndu aðeins í einn vetur en aðrir lengur. Þeim öllum fylgdi nýr blær í mannlíf dalsins. Þeir báru margir með sér nýja hætti og ný viðhorf, allt eftir því í hvaða mæli þeir blönduðust mannlífi í Haukadale. Þannig varð barnaskólinn meira en „fræðsluskýli“ fyrir ákveðinn æskuhóp; hann var dálítill „stofnun“ í dalnum. Það er líka eðli grunnskóla í dag.

<sup>137</sup> Skarphéðinn Össurason: *Barnaskólinn í Keldudale Farskóli fyrir 60 árum*. Ljósrit af handriti 1986.

Sem dálítinn viðauka við þennan skólápátt má minna á áður sagt um sjómannafræðslu Kristjáns Andréssonar í Meðaldal og birta kafla úr bréfi Guðmundar Kristjánssonar skipstjóra og kaupmanns, sem nefndur er á öðrum stað í þessum skrifum. Hann skrifaði svila sínum, Sigurði Sigurðssyni, úr Haukadalsdal á jóladaginn 1899, m.a.:

... vonskutíð, en snjólítið eins og er gott veður í dag  
... það lítur út fyrir góðan atvinnuveg hjá sjófolkinu  
í sumar, og eru menn almennt ráðnir fyrir 10-11-  
12 kr. um viku og ágætri Premíu . . . Hjer eru allir  
skipstjórar búnir að fullráða, og sumir hafa upp að  
20 menn . . . Jeg fæ ekki nema dollu að fleyta mjer  
...

Jeg hef haft dálitla atvinnu af kenslu í vetur, síðan  
í Nóvember hefi jeg haft 5 fullorðna og 5 drengi  
komna yfir fermingu, flesta hjeðan úr sveitinni 2  
úr Mýrarhreppi og stoppa jeg fyrir fæðinu, jeg hefi  
leigt stæðsta verelsið í Hallahúsinu en það er þó  
of lítið svo jeg hefi orðið að neita. Jeg hefi flesta  
af þeim til Janúarlok[a]. Jeg tek 3 kr. um vikuna af  
þeim er læra *Stýrimannafræðina* [lbr. hér], 2 kr. af  
hinum . . .

*Og 26. október 1900 skrifaði Guðmundur svila  
sínun: . . . Máski eftir hátíðar jeg fari í Haukadalsdal  
og kenni þar til Febrúar því það eru [nógir] sem  
vilja læra . . .*<sup>138</sup>

Með öðrum orðum *fullorðinsfræðsla* sem spurn var  
eftir því verkætæni og atvinnuhættir voru að breytast.  
Þilskipin voru nútíðin og vélbátarnir framtíðin. Það  
dugði ekki lengur að faðir kenndi syni. Hins vegar  
var ekki enn komið að hlut kvennanna. Mig grunar  
að þær hafi þó ráðið meiru en heimildir frá þessum  
tíma gefa til kynna.



*Líklega eru ekki margar myndir til af nemendum  
Haukadalsskóla. Hér eru þrír þeirra veturinn 1961: Frá  
vinstri Eggert Sigurjónsson í Sæbóli og bræðurnir Jón  
Friðrik og Vésteinn Jónssynir á Vésteinsholti.*

## Hugrún og Gísli Súrsson

Með tuttugustu öld eflidist sú þörf meðal landsmanna  
að leita félagsskapar í formlegum samtökum. Íbúar Haukadals og í nágrenni hans voru engin  
undantekning eins og þegar hafa verið nefnd dæmi  
um. Hér verður tveimur bætt við, sem hvort um sig  
verðskuldar svo sem rækilegri umfjöllun, ekki síst það  
fyrirnefnda, kvenfélagið *Hugrún*. Það var stofnað árið  
1906, eins og fyrr sagði. Félagssvæði þess náði inn að  
Söndum með Kirkjubólssdal. Landfræðilegar aðstæður  
gerðu konum utan við Ófæru örðugt að taka virkan  
þátt í starfi félagsins. Hugrún starfaði lengi vel og af  
miklum þrótti og kom upp myndarlegu samkomuhúsi  
í Haukadalsdal, svo sem segir frá á öðrum stað. Frásögn  
Lilju Björnsdóttur skáldkonu verður hér lätin nægja  
til þess að varpa ljósi á félagslífið og hlut kvenfélagsins  
Hugrúnar í því. Frásögnin er frá því um 1910 en þá var  
Lilja sautján ára og átti heima í Hrauni:

... Þegar ég hugsa um þetta tímabil í sögu míns  
kæra Dýrafjarðar, finnst mér það einkennast  
af framsækni og andlegri reisu. Norðan megin  
fjarðarins skóli Sigtryggs Guðlaugssonar,

Núppsskólinn, í Haukadal, Góðtemplarastúka Haukdæla og kvenfélagið Hugrún. Þessi félag héldu uppi hollu skemmtanálífi í húsi því, er stúkufélagar höfðu byggt. Þar minnst ég ekki að hafa séð vín á nokkrum manni. Matthías Ólafsson flutti þar oft frumsamin kvæði. Hann hafði líka góð sambönd við Reykjavík, sérstaklega við Hannes Hafstein, sem dvalizt hafði sjúkur á heimili Matthíasar í vikutíma, eftir að brezkur landhelgisbrjótur hafði reynt að drekkja honum úti á miðjum Dýrafirði. Hygg ég að Hannes hafi sent Matthíasi bækur, sem almenningur átti ekki kost á að njóta, og við mörg tækifæri miðlaði hann öðrum af þeim fróðleik, sem þær höfðu inni að halda. Ógleymanlegt er mér þegar hann las á samkomu hið snjalla kvæði Guðmundar Friðjónssonar „Ekkjan við ána“. Það byrjaði svo hressilega: Hví skyldi ég ekki reyna að byrja Braga full / og bræða, steypa, móta hið dýra feðragull . . . Ég man líka vel eftir skrautsýningu, sem kvenfélagið hafði á einni skemmtisamkomu. Glæsilegar konur, en þær voru margar í Haukadal þá, í gyðjubúningi komu fram á sviðið ein og ein, og var hverri þeirra sungið tilheyrandi ljóð, sem Matthías hafði ort. Hann lánaði mér stundum bækur. Gleði mín var mikil, þegar hann lánaði mér Þyrna Þorsteins. Þá gat ég sagt með Ólínu Andrésdóttur: „Ég þann mesta unað fann á ævi minni / er laugaði ég sálu ljóðabýrsta / í Lágnætti og Maí fyrsta.“ . . .

Stundum var hinn glæsilegi kennari, Björn á Núpi, fenginn til að skemmta í Haukadal. Hann hafði alltaf hæfilegan skammt af hverju, fróðleik, alvöru og gamanmálum. . .

. . . Hugurinn bar mann hálf leið, að komast til kunningjanna í Haukadal, njóta gestrisni þeirra, klæða sig í fínu fötin, komast í samkomuhúsið og hlusta á Björn kennara, sem í þetta sinn las söguna „Ett förligt frieri“, mig minnir á nýnorsku. Svo kom dansinn með sitt dunandi harmonikkuspil. Oft tók allt dansfólkið undir, einkum þegar sungið var

„Manstu það kæra, er kvöldsólin skein“. Sérstaklega fannst mér stemningin algjör, þegar síðustu ljóðlínurnar voru sungnar, „Halla mér við þitt hjarta, / hlæjandi að faðma þig, / mitt augnayndið bjarta, / Ó, elskarðu mig?“

Dansinn var stigin af miklu fjöri til kl. 6 eða 7 að morgni. Þá var haldið heim sömu leið. Þessi lífsglaði hópur sveimaði í tregablandinni leiðslu heimleiðis, eftir að sunginn hafði verið skilnaðarsöngurinn. „Allir heilir unz vér sjáumst næst“<sup>139</sup>. . .

Ungmennafélagið *Gísli Súrsson* var stofnað mun seinna og eignaðist ekki langa starfssögu. Jens Kr. Gestsson frá Miðbæ sagði mér þannig frá félaginu:

U.M.F. Gísli Súrsson var stofnað 18. nóv. 1945. Hvatamaður að stofnun félagsins mun hafa verið Kristján Benediktsson sem var þá að mig minnir erindreki U.M.F. Íslands. Fyrsta stjórn félagsins var kosin á stofnfundi. Formaður Helgi Pálsson, ritari Jens Gestsson og gjaldkeri Hjörleifur Guðmundsson, allir í Haukadal. Félagssvæðið var Þingeyrarhr. frá Svalvogum að Söndum, með Kirkjubólssdal.

Félagfundir voru haldnir í Samkomuhúsinu í Haukadal („Kvennfélagshús“), haldnir voru 8 fundir á ári. Á stefnuskrá félagsins var aðallega bindindi á áfengi og tóbak, einnig voru íþróttir stundaðar [Leikfímikista og dýna og 2 kúlur eru sennilega geymdar í Samkomuhúsinu í Haukadal, ef þau áhöld eru til enn þá, *skrifaði Jens*]. Félagið beitti sér fyrir skemmtanahaldi, æfður var söngur, einnig flutt smá leikrit. Þorrablót voru haldin, þá var tekinn þáttur í Héraðsmótum að „Núpi“ með góðum árangri. Síðasta fundargerð sem eg skrifaði var Sunnudag 6 jan 1952. Það ár flutti eg til Reykjavíkur, en félagið starfaði áfram til 10 okt 1954. Þá var félagið lagt niður því allir voru að flytja burt.

139 *Nýtt kvennablað* 1. og 2. tbl. 1966.



Eg á margar góðar minningar frá starfi félagsins, maður æfðist í að flytja sitt mál á fundum, einnig var eg af veikum mætti að stjórna söng, kenna raddir, svo var sungið á þorrablótum og við ýmis tækifæri<sup>140</sup>...

Látum þetta duga sem dæmi um félagslíf sem óx í kjölfar breyttra atvinnu- og búsetuhátta; endurómur þess sem gerðist í flestum byggðum landsins á fyrri hluta tuttugustu aldar.

## Fransmanna-grafreituninn

Í þann mund sem gestkomanda opnast byggðin í Haukadal má á hægri hönd sjá afmarkaðan gróðurreit. Hann verðskuldar dálitinn hlut í þessum söguköflum:

Veturinn 1938 birtist í *Kirkjuritinu* stutt frásögn S.G. sem áreiðanlega var sr. Sigurður Z. Gíslason prestur á Þingeyri:

Innanvert við Haukadal í Dýrafirði, á svonefndu Saltnesi, voru á árunum kringum 1860-70 jarðaðir franskir sjómenn, enginn veit hve margir, en líklega 10-15 eða enn fleiri. Lengi undanfarið hafa verið á nesinu þarna 3 upphlaðin leiði, sinn kross á hverju. Haukdælir héldu vel við þessum upphlöðnu leiðum, en girðingu vantaði kringum þau. Í sumar, sem leið, var loks komið upp vandaðri steinsteypugirðingu umhverfis reitinn og 5 ungar stúlkur í Haukadal og Sveinseyri hafa af eigin hvötum skipulagt hann sem skrudgarð með fjölbreyttum tegundum trjáa og blómjurta og lagt í þetta verk mikla vinnu og alúð. Meulenberg biskup hefir tilkynnt komu sína til Dýrafjarðar næsta vor til þess að vígja reitinn.<sup>141</sup>

Haustið áður hafði blaðið *Vesturland* á Ísafirði sagt öllu ítarlegar frá verkinu:

### Franski grafreituninn í Saltnesi.

Saltnes skilur Haukadal og Meðaldal í Dýrafirði. Haukadalsmegin á nesinu eru gamlar grafir franskra sjómanna. Hafði fram til þessa verið haldið við 3 leiðum af Haukdælingum. Sr. Sig.

140 Jens Kr. Gestsson frá Miðbæ í bréfi til BG 18. janúar 1983.

141 *Kirkjuritið* 4 (1938), 129.

Gíslason, sóknarprestur að Þingeyri hefir haft forgöngu að því, að franska ríkið lét gera grafreit í Saltnesi. Var hann fullgerður nú í sumar, og stóðu þeir Bjarni Guðmundsson bóndi að Kirkjubóli og Jón Guðmundsson bóndi í Höll í Haukadal fyrir verkinu.<sup>142</sup> Grafreitirinn er 96 m<sup>2</sup> að stærð, umgirtur með sterkri hvítmálaðri steinsteypugirðingu með læstu hliði. Upphaflega var gert ráð fyrir að grafreitirinn yrði 56 m<sup>2</sup> að stærð; það talið nægilegt til þess að ná út fyrir kuml þau er kunnugt var um. En er grafa skyldi fyrir girðingunni var komið niður á mannabein, og þá horfið að því að stækka grafreitinn. Telur sr. Sigurður, að líklegt sé að þarna séu 12-15 forn leiði.

5 ungar stúlkur í Haukadal og á Sveinseyri, þær: Guðrún Markúsdóttir, Elínborg Jónsdóttir, Sigríður Andrésdóttir, Solveig Andrésdóttir og Guðmunda Jónsdóttir hafa af eigin hvötum þegar skipulagt grafreitinn sem skrudgarð; sáð þar trjáplöntum og skrautblómum. Lagt í það mikla vinnu og alúð, og gengið mjög smekklega frá því.

Meulenberg biskup í Landakoti hefir tilkynt, að hann muni koma vestur til Dýrafjarðar að sumri til þess að vígja grafreitinn. Dýrafjörður var um langt skeið aðalbækistöð franskra fiskimanna hér vestanlands. Er það vel farið að einmitt þar skuli varðveitast minning þeirra með hinum myndarlega grafreit; minning um hættur og stríð fjarri hinum sólríku suðrænu áttögum.<sup>143</sup>

Jón í Höll réri með stúlkurnar „yfir fjörð að Núpi til sr. Sigtryggs Guðlaugssonar stofnanda Skrudðs. Fengu þær hjá honum bæði trjáplöntur og skrautblóm,

142 Ekki munu þeir langfrændurnir Bjarni Magnús og Jón með hjálparmönnum sínum hafa notað mikinn búnað við gerð veggja um reitinn. Sú saga lifir að Jón hafi sagt „við notum haflötinn“ þegar stillt var upp fyrir láréttum garðsveggjum. Haflöturinn, sem vel blasir við frá reitnum, kom Jóni í staðinn fyrir „voterpass“ – hallamál sem nú kallast. Frásögnina hef ég eftir frænda mínum, Knúti Bjarnasyni á Kirkjubóli, sem mun hafa tekið þátt í verkinu.

143 Vesturland 25. september 1937.

úr Skrudði, til að gróðursetja í reitnum. Skrudður var fyrirmyndin að garðinum sem stúlkurnar gerðu í fransmannareitnum. Upphaflega var reitnum skipt í fjóra parta en síðar voru trjáplönturnar færðar til. Trén voru sett eins og þau eru í dag og svo voru skrautjurtir fyrir innan þau. Trén voru þrettán sem þær fengu á Núpi. Tólf fóru í garðinn en það þrettánda stendur enn í Höll.

Þar sem það var engin jarðvegur til staðar báru þær mold í reitinn í fötum langa leið til að gróðursetja bæði trén og blómin í. Sömu sögu er að segja af vatni, sem var sótt í fötum í Haukadalsána.<sup>144</sup>

Grafreitirinn var helgaður að kristnum hætti með vígslu sr. Sigurðar Z. því ekkert varð af komu Meulenberg biskups.

Hægt og sígandi eflidist gróður reitsins sem í raun var hugsaður sem dálítill *skrudgarður*. Fáum sögum fer af hirðu minningareitsins í áranna rás. Hljóðlega munu þó ýmsir hafa gert honum til góða. Í fjöldamörg ár settu t.d. heiðurshjónin Ólafía Sigurjónsdóttir frá Sveinseyri og Kristján Gunnarsson frá Miðbæ í Haukadal upp ljós á grafreitinn.<sup>145</sup>

Ekki fór hjá því að tíminn ynni sitt verk á grafreitnum þarna á Haukadalsnesjunum. Því var það að árið 2013 hafði sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir sóknarprestur forgöngu um endurbætur á reitnum, spurði raunar sendiráð Frakklands hvort hún „mætti taka reitinn í fóstur“. Fékk hún vakið athygli franskra yfirvalda á málinu, sem og einstaklinga og fyrirtækja, sem lögðu fram nokkra fjármuni til umbóta. Með aðstoð franskra sendiherrans komst sr. Hildur Inga.

... í samband við Paimpol og Graviline (og aðra þarna á bretlandsskaganum) þaðan sem fiskimenn komu.

144 Sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir: *Samantekt um franska grafreitinn*. Óbirt greinargerð.

145 Elín Pálmadóttir: *Fransí Biskví* (2009), 310.

Síðan komu krakkar frá þessum bæjum og voru hér hjá mér í 2-3 vikur og við gerðum við garðinn. Rifum ónýt tré – gróðursettum ný og skrautjurtir – en við þurftum að hreinsa allan jarðveg ofan af reitnum, sem var orðinn undilagður af sigurskúf. Ég lét svo gera við vegginn og við máluðum. [Kristján Gunnarsson vélsmiður á Þingeyri] smíðaði nýjan kross (sem Paimpol borg gaf).<sup>146</sup>

Síðan var hátíðleg athöfn þar sem sóknarprestur endurvígði/blessaði reitinn, að beiðni franska sendiherrans. Þannig gekk reiturinn í endurnýjun lífdaga og endurheimti tilgang sinn og fyrstu gerð.

... ..

Fyrstu árin litu vegfarendur upp til franska grafreitsins þar á Haukadalsnesjunum, í bókstaflegri merkingu, á meðan vegurinn til Haukadals lá fyrir neðan reitinn. Svo kom að því að vegurinn var færður upp fyrir hann. Þótt vegfarandinn líti þá niður til reitsins ber hann við hafið stóra fyrir mynni Dýrafjarðar og ýtir þannig með áhrifamiklum hætti við sögunni um byggðina, hafið og sjómennina sem það sóttu hingað um langa og varasama leið.

## Orð að lokum

Við barnaskóladvöl í Haukadal veturnar 1952-1954 kynntist ég sem barnið anda byggðarinnar þar en auk hans ýmsum minjum frá fyrri tíð. Og nánar nokkru síðar. Að sjálfsögðu fór þar all mikið fyrir tímum Gísla sögu. Einnig lágu í lofti minningar um árin í kringum aldamótin 1900 þegar byggð í dalnum hafði eflst svo tala mátti um þorpsmyndun þar. Þær breytingar mátti rekja til þess sem var að gerast í byggðinni sjálfri en frekar þó til breyttra viðhorfa og atvinnuhátta í íslensku þjóðlífi. Þjóðin var að efla sókn sína til heimastjórnar og sjálfstæðis. Við það naut hún strauma sem komu víða að. Breytingarnar í Haukadal voru ekkert einsdæmi sé horft til landsins í heild. Í ritsmíð þessari eru hins vegar sagðar nokkra sögur um forgöngumenn og frumkvæði nýmæla þar í dalnum. Þetta er því nokkurs konar einsaga um breytingar byggðarlags frá síðasta skeiði hinna fornu tíma til nútímans, svo skilgreiningin sé gerð einföld og stutt.

Sögurnar hér að framan eru ekki tæmandi fyrir Haukadal á umræddu tím skeiði. Þær eru fremur stiklur yfir það. Eins og sjá má var mis rækilega fjallað um hverja þeirra á þess að í því felist mat á mikilvægi.

Með nokkurri einföldun má segja að þorpið í Haukadal hafi sprottið út frá býlunum þremur sem þar höfðu staðið um árabíl – jafnvel aldir. Stórheimilin á þeim breyttust í fámennisheimili á grasbýlum og í þurrabúðum. Landfræðilega voru skilyrðin góð. Haukadalsbótin var viðurkennd og mikið sótt lífhöfn. Erlend skip, einkum frönsku fiskiskipin, sóttu þangað um áratuga skeið, einkum á seinni hluta nítjándu aldar. Af því spruttu áhrifamikil kynni og viðskipti. Kjörlendi var undir þurrabúðir í óskiptum úthaga býlanna þriggja: Lítt gróin holt skammt upp af fjöru og í miðjum dal. Með búðsetunni ræktuðust þau upp og urðu að fallegu búskaparlandi.

<sup>146</sup> Sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir í tölvupósti til BG 3. október 2024.

Eins og greina má í sögunum hér að framan er auðvelt að greina áhrif utanaðkomandi strauma á þróun byggðar í Haukadál. Náttúrulegar aðstæður, ekki síst, lóðuðu franska sjómenn á Haukadalsbót og kynni tókust einnig við ameríska lúðuveiðara er stunduðu Íslandsmið. Ungir heimamenn sóttu menntun í skólum, innanlands og utan, og ungir búfræðingar báru með sér verkleg nýmæli í sveitina. Barnaskóli var fyrsta „nýsköpunarfyrirtækið“ í dalnum og þótt ekki yrði langlífur hafði stofnun hans mikil áhrif. Tækni við sjósókn og fiskveiðar var að breytast á landsvísu; skútur komu í stað smærri og opinna báta (skipa) og brátt kom mótoraflið til sögu og útgerð vélbáta hófst. Saltfiskverkun og þurrkun urðu ekki einustu leiðirnar til varðveislu sjófangs því íshús tóku að rísa. Haukdælir tileinkuðu sér snemma þá tækni og hófu einnig síldveiðar til beitusölu. Hvort tveggja varð mjög til þess að styrkja atvinnu þar í dalnum; féll enda vel inn í vertíðaskiptan hring ársins. Allt skaut þetta rötum undir verslun og viðskipti í Haukadál svo Haukadalsbót varð löggilt höfn og markað var með sama hætti svæði (lóð) til verslunar.

Veigamikil einkenni þorpsmyndunarinnar í Haukadál var hinn félagslegi þáttur. Vissulega var efling hans eitt einkenna breytinga á íslensku samfélagi undir lok nítjándu aldarinnar og fyrstu ára hinnar tuttugustu. Félög voru mynduð um hin ýmsu málefni, bæði vegna atvinnu og menningarlegra viðfangsefna. Reynd var útgáfa handskrifads blaðs og blaðakaupafélag var stofnað. Er lengra leið fram á tuttugustu öldina var stofnað kvenfélag og ungmennafélag. Bæði, og þá einkum kvenfélagið, eignuðust merka sögu, sem segja þyrfti. Enn stendur með blóma samkomuhús þess, reist árið 1936. Það var formlega vígt 12. desember það ár með blessun sr. Sigtryggs Guðlaugssonar á Núpi og greinargerð Bergþóru Kristjánsdóttur í Ystabæ, formanns kvenfélagsins, um tildrög framkvæmdarinnar og fjármögnun.<sup>147</sup>

Vart er á marga hallað þótt sérstaklega sé nefndur *Matthías Ólafsson* sem frumkvöðull að þorpsmyndun og -vexta í Haukadál. Tvennt er einkum athyglisvert í ferli hans í því ljósi: Annars vegar tveggja vetra dvöl hans í nýstofnuðum Möðruvallaskóla en hins vegar hvernig honum tókst að drífa áfram atvinnurekstur í Haukadál í – að því er virðist – góðri sátt og raunar samvinnu við Gram kaupmann á Þingeyri og rötgróðið kaupmannavald þar. Ef til vill hefur munað þar mestu um að Matthías og Friðrik Wendel, faktor Grams á Þingeyri, voru svilar?

Heimsstyrjöldin fyrri, beinar og óbeinar afleiðingar hennar, sem og stórstígar breytingar í gerð og stærð fiskveiðiskipa og fiskvinnslutækni riðluðu undirstöðum byggðarinnar í Haukadál. Þó voru þar enn innviðir sem reynt var að byggja á útgerð og fiskvinnslu allt fram á fjórða áratug síðustu aldar. Svo veikur var þó sá rekstur að húsbruni nægði til þess að binda endi á hann. Vinnufærir Haukdælir þurftu flestir að sækja út fyrir dalinn til atvinnu – ýmist til Þingeyrar eða „suður á vertíð“ eins og sagt var. Nokkrir hölluðu sér að landbúnaði í vaxandi mæli: Land var tekið til framræslu og túnræktar og búfé fjölgað. Hvort tveggja reyndust tímabundnar lausnir. Tíminn vann sitt verk. Fjölskyldur fluttu brott. Hægt og sígandi hljóðnaði yfir dalnum svo eftir stendur eyðibygð. Enginn bátur lengur á kambi eða frammi á Bótinni. Síðasta ærin hefur borið í Haukadál og skilað síðustu dilkunum af fjalli. Tæplega verður oftast borinn þar ljár í gras að marki. Enn vaka þó fjöllin Kaldbakur og Kolturshorn sem sáu fyrsta þurrabúðarfólkið reisa sér hús á lítt grónum holtunum upp af Seftjörn er markaði upphaf þorpsmyndunar í Haukadál.

Margir halda tryggð við Haukadál. Sækja hann á sumrum og dvelja þar um lengri eða skemmri tíma, og ekki má gleyma því lífi sem *Komedíuleikhúsið* í hinu forna Samkomuhúsi kvenfélagsins Hugarúnar

<sup>147</sup> *Morgunblaðið* 29. desember 1936.



hefur fært í dalinn með fjölbreyttri starfsemi sinni. Enn eiga því margir erindi í Haukadal þótt önnur séu en fyrr. Þar er mikillar sögu að vitja.



*Í Haukadal sumarið 2023.*

## Heimildarmenn

*Neðanmáls í greininni er getið helstu heimilda, þ.á.m. heimildarrita. Hér á eftir eru nöfn flestra þeirra sem á ýmsum tímum og með ýmsum hætti lögðu mér lið sem auðveldaði skrifin:*

*Ágúst Guðmundsson frá Innri Lambadal*

*Ásdís Bjarnadóttir frá Kirkjubóli †*

*Eggert Guðmundsson og Guðríður Gestsdóttir frá Sæbóli †*

*Sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir á Múla*

*Guðberg Kristján Gunnarsson frá Miðbæ*

*Gunnar Jónsson frá Höll og systkini hans †*

*Hlíf Matthíasdóttir frá Haukadal †*

*Jens Kr. Gestsson frá Miðbæ †*

*Jón Friðrik Matthíasson frá Haukadal †*

*Knútur Bjarnason frá Kirkjubóli †*

*Kristín M. Guðmundsdóttir frá Hrauni/Kirkjubóli †*

*Kristín Jónsdóttir frá Vésteinsholti og systkini hennar, svo  
og Guðmunda Þorleifsdóttir frá Árholti*

*Kristján Guðmundsson frá Höll †*

*Kristján Helgi Kristjánsson frá Meðaldal †*

*Lárus Haðalínsson frá Bræðratungu*

*Þórir Örn Guðmundsson frá Innri Lambadal.*

*Ómerktar ljósmyndir eru ýmist teknar af höfundu eða eru  
í umsjá hans*

*Höfundur þakkar frænku sinni, Kristínu frá Vésteinsholti,  
sérstaklega fyrir yfirlestur næst síðasta handrits  
greinarinnar og ýmsar gagnlegar upplýsingar sem varða  
efni hennar.*

*Höfundur væri þakklátur fyrir leiðréttingar á efnisatriðum  
textans, ef þörf er á.*

*Þær má senda á netfangið [bjarnig@lbhi.is](mailto:bjarnig@lbhi.is)*

**Viðauki*****Drög að kennaratali Haukadalskóla (og farskólans þar og í Keldudal)***

Matthías Ólafsson frá Haukadál	1885-1889
Guðríður Guðnadóttir frá Villinganesi í Skagafirði	1901-1903
Sigrún Eiríksdóttir frá Fosnesi í Grímsnesi	1907-1909
Guðný Jónsdóttir frá Galtafelli í Hrunamannahreppi	1909-1912 og 1913-1914
Sigríður Guðmundsdóttir frá Höfn í Dýrafirði	1914-1916
Ólafur Ólafsson frá Haukadál	1914-1915
Guðmundur Guðni Kristjánsson frá Mýrum	1914-1915 (?)
Þorleifur Eggertsson frá Skálará í Keldudal	1917-1921
Jón Friðrik Matthíasson frá Haukadál	1921-1922
Þorleifur Eggertsson frá Skálará í Keldudal	1922-1934
Sigurður E. Breiðfjörð frá Þingeyri	1934-1935
Brynhildur Snædal Jósefsdóttir frá Látrum í Aðalvík	1935-1936
Þorleifur Eggertsson frá Skálará í Keldudal	1936-1939
Sigurður E. Breiðfjörð frá Þingeyri	1939-1941
Jóhann Frímenn Sigvaldason frá Brekkulæk í Miðfirði	1941-1942
Helgi Pálsson frá Brautarholti í Haukadál	1942-1951
<i>Enginn skóli</i>	1951-1952
Ólafur Jónsson frá Eyri í Seyðisfirði	1952-1953
Gunnar Friðfinnsson frá Kjaransstöðum í Dýrafirði	1953-1954
Ingólfur Þórarinnsson frá Hrauni í Keldudal	1954-1955
Sigurður E. Breiðfjörð frá Þingeyri	1955-1957
Guðrún Bjartmarsdóttir frá Sandi í Aðaldal	1957-1958
Oddný Guðmundsdóttir frá Hóli á Langanesi	1958-1959
Helgi Ólafsson frá Keldum í Skagafirði	1959-1960
Bjarni Guðmundsson frá Kirkjubóli í Dýrafirði	1960-1961
Jón Sigurðsson frá Sigurðarstöðum í Vopnafirði	1961-1966 (til febr.)
Guðmundur Andrés�on frá Brekku í Dýrafirði	1966 (mars-apr.)
<i>Enginn skóli</i>	1966 <sup>-148</sup>

148 Kennaratalið er aðeins drög sem taka verður með fyrirvara um réttleika. Það er að mestu samið eftir *Kennaratali* Ólafs Þ. Kristjánssonar en einnig eftir frásögnum heimildarmanna einkum systkinanna Eggerts, Guðmundar Péturs, Gunnars og Sigríðar Jónsbarna frá Höll í Haukadál. Nokkrar afmælis- og minningargreinar, fundnar við leit á [www.timarit.is](http://www.timarit.is), hafa líka hjálpað og aðrar stakar heimildir. Á allra fyrstu árunum var líka um heimiliskennara að ræða og þá eins konar einkaskóla svo skilgreining starfsins á þeim árum er ekki einhlít.